



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### **Ákvörðun nr. 15/2012 um breytingar á uppfærðum viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang og brot Símans á gagnsæiskvöð á markaði 15**

#### **I.**

##### *Almennt*

Mál þetta varðar breytingar sem Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hyggst gera á uppfærðum viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang sem að mati PFS tóku gildi þann 1. júlí 2011 varðandi aðra þætti en skilgreiningar á innankerfissímtölum og lúkningu símtala. Mikilvægasta breytingin varðar skilgreiningu á innankerfissímtali og tengdar skilgreiningar, auk þess sem m.a. reynir á ákvæði um markaðsstuðning, afslætti, riftun o.fl. Þá varðar málið brot Símans á gagnsæiskvöð á markaði 15 um heildsöluaðgang og upphaf að símtölum í farsímanetum.

#### **II.**

##### *Málavextir*

#### **2.1 Bréf PFS til Símans um uppfært viðmiðunartilboð, dags. 10. mars 2011**

Með bréfi PFS til Símans, dags. 10. mars 2011, kom m.a. fram að PFS hefði borist svar Símans frá 7. mars 2011, þar sem m.a. hefði verið fjallað um efni viðmiðunartilboðs um sýndarnetsaðgang.<sup>1</sup> Þar hefði komið fram að Síminn hefði í samningum við IP-fjarskipti ehf. (Tal) og IMC vikið frá ýmsum ákvæðum gildandi viðmiðunartilboðs um sýndarnetsaðgang. Jafnframt hefði PFS orðið þess áskynja að viðmiðunartilboð um endursölu- og sýndarnetsaðgang hefðu verið fjarlægð af heimasíðu félagsins, en á fyrirtækinu hvíldi sú skylda að birta umrædd gögn opinberlega. Óskað væri skýringa á þessu.

---

<sup>1</sup> Umrætt svarbréf Símans frá 7. mars 2011 tilheyrir máli 11-02-33 er varðar meint brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði 7. Ákvörðun í því máli verður tekin samhliða ákvörðun í því máli sem hér er til úrlausnar.

Pá benti PFS Símanum á skilmála 1.4 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang, eins og honum var breytt með ákvörðun PFS nr. 20/2009<sup>2</sup>, á þá leið að á félaginu hvíldi tilkynningarskylda um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðsins. Liti stofnunin svo á að henni hefði ekki verið tilkynnt um breytingar á ákvæðum viðmiðunartilboðsins, en skv. 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga hefði stofnunin heimild til að mæla fyrir um breytingar á efni viðmiðunartilboðs teldi hún það ekki vera í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og þeirra kvaða sem lagðar hefðu verið á fyrirtækið með ákvörðun PFS nr. 4/2007 á markaði 15. Símanum var veittur frestur til að veita stofnuninni umbeðnar upplýsingar, tjá sig að öðru leyti um framangreint og birta hin upprunalegu viðmiðunartilboð um sýndarnets- og endursöluáðgang á heimasíðu félagsins að nýju.

## **2.2 Svarbréf Símans, dags. 1. apríl 2011**

Með bréfi Símans til PFS, dags. 1. apríl 2011, barst stofnuninni svar félagsins við framangreindu fyrirspurnarbréfi. Síminn gerði m.a. grein fyrir ástæðum þess að viðmiðunartilboð félagsins um endursölu- og sýndarnetsaðgang hefðu verið fjarlægð af heimasíðu félagsins í byrjun árs 2010. Fjallað verður um svar Símans í umfjöllun um meint brot Símans á kvöðum á markaði 15 í köflum 4.4 og 4.5 hér á eftir. Pá gerði Síminn ítarlega grein fyrir breytingum þeim sem félagið hefði í hyggju að gera á viðmiðunartilboðunum í kjölfar sýndarnetssamninga félagsins við Tal og IMC og framangreinds bréfs PFS.

## **2.3 Bréf PFS til Símans, dags. 6. apríl 2011**

Með bréfi PFS til Símans, dags. 6. apríl 2011, gat að líta viðbrögð stofnunarinnar við ofangreindu svarbréfi Símans. Fram kom að í köflum 5.4.3 í ákvörðunum PFS nr. 19 og 20/2009 frá 26. nóvember 2009 hefði PFS gert breytingar á viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang, m.a. að því er varðaði ákvæði um breytingar á viðmiðunartilboðunum. Eftir þá breytingu hefði verið kveðið á um það í viðmiðunartilboðunum að nýtt viðmiðunartilboð skyldi birt til kynningar og sent viðsemjanda og PFS að minnsta kosti 3 mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tæki viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um sýndarnetsaðgang milli Símans og viðsemjanda félagsins. Pá skyldi Síminn birta viðmiðunartilboðin á vef sínum.

Pá kom fram í ofangreindu bréfi PFS að samkvæmt 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga gæti PFS kveðið á um breytingar á viðmiðunartilboðum. Því væri ljóst að hefði Síminn í hyggju að breyta viðmiðunartilboðum sínum kallaði það á ofangreinda málsmeðferð. Umræddur þriggja mánaða frestur væri hugsaður til að PFS gæti efnt til samráðs um hið nýja viðmiðunartilboð áður en endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir um hugsanlegar breytingar, en skv. 6. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun væri slíkt nauðsynlegt áður en stofnunin tæki ákvörðun sem hefði veruleg áhrif á markaðinn. Ljóst væri að fleiri en mögulegir viðsemjendur Símans hefðu lögvarða hagsmuni af því að viðmiðunartilboð Símans væru í samræmi við fjarskiptalög og fyrri ákvarðanir PFS, eins og t.d. samkeppnisáðilar á heildsölumarkaði fyrir sýndarnets- og endursöluáðgang.

---

<sup>2</sup> Sbr. kafli 5.4.3 í umræddri ákvörðun.

Í svarbréfi Símans hefði komið fram að afrit af umræddum sýndarnetssamningi við Tal hefði verið sent til PFS til upplýsingar að lokinni undirritun hans þann 8. janúar 2010. Af hálfu Símans hefði verið talið að með því hefði stofnunin verið upplýst um breytt efni viðmiðunartilboðsins um sýndarnetsaðgang. PFS mótmælti því að hafa fengið sent afrit af umræddum samningi á þessum tíma. Eins og fram kæmi í tölvupóstsamskiptum starfsmanns PFS og forstöðumanns heildsölu Símans frá 22. júní 2010 hefði PFS haft frumkvæði að því að Síminn afhenti stofnuninni samninginn þann 23. júní s.á. Fyrirspurn PFS, sem gerð hefði verið í tengslum við vinnslu markaðsgreiningar á markaði 15, hefði beinst að því að fá upplýsingar um stöðu Símans og Tals vegna endursöluaðgangs að farsímaneti Símans. Í svari Símans hefði komið fram að gerður hefði verið sýndarnetssamningur við Tal í janúar 2010. Kvaðst umræddur starfsmaður Símans hafa haldið að umræddur samningur hefði verið sendur PFS á sínum tíma en staðfesting á því fyndist ekki.

Að ofangreindu virtist ljóst að Síminn hefði ekki sent PFS umræddan samning til kynningar í janúar 2010. Það hefði ekki verið fyrr en PFS óskaði upplýsinga um samskipti Símans og Tals í tengslum við vinnslu markaðsgreiningar að stofnuninni hefði borist umræddur samningur. Það hefði svo ekki verið fyrr en mun seinna sem PFS áttaði sig á því að umræddur samningur hefði ekki verið í samræmi við gildandi viðmiðunartilboð. Slík kynning Símans í janúar 2010 hefði auk þess verið í ósamræmi við ofangreint ákvæði um breytingar á viðmiðunartilboði. Hefði Síminn í hyggju að semja við Tal (eða annað fjarskiptafyrirtæki) um sýndarnetsaðgang sem viki frá ákvæðum gildandi viðmiðunartilboða hefði Síminn átt að byrja á því að kynna PFS með ótvíræðum hætti hinar fyrirhuguðu breytingar á viðmiðunartilboðinu. Þær breytingar hefðu ekki tekið gildi fyrr en í fyrsta lagi að 3 mánuðum liðnum nema PFS hefði lýst því yfir fyrir þann frest að stofnunin hefði ekki í hyggju að mæla fyrir um breytingar. Að þeim tíma liðnum hefði Síminn getað gengið frá samningi við Tal á grundvelli ákvæða hins nýja viðmiðunartilboðs.

Því liti PFS svo á að viðmiðunartilboð um sýndarnets- og endursöluaðgang sem PFS samþykkti með ákvörðunum nr. 19 og 20/2009 væru ennþá í fullu gildi. Síminn hefði ekki fyrr en í umræddu bréfi frá 1. apríl 2011 lagt fyrir PFS kynningu á fyrirhuguðum breytingum á umræddu viðmiðunartilboði. Frá þeim tíma hæfist hinn 3ja mánaða frestur. Þá kom fram að PFS hefði því í hyggju að senda umrætt bréf Símans, sem hefði að geyma tillögur Símans að breytingum á umræddu viðmiðunartilboði, í samráð fljótlega. Síminn hefði gert áskilnað um fullan trúnað um alla umfjöllun um viðauka 1 (Verðskrá). PFS gæti ekki orðið við svo viðamikilli beiðni um trúnað. Í ákvörðun PFS nr. 8/2010 (Kostnaðargreining á markaði 15) hefði það orðið niðurstaðan að Símanum væri ekki skylt að birta „einstök heildsöluverð“ í verðskrá opinberlega. Samkvæmt því væri ljóst að trúnaður ríkti eingöngu um verðin í umræddum viðauka en ekki texta að neinu leyti.

Í IV. kafla framangreinds bréfs Símans frá 1. apríl væri gerð grein fyrir atriðum sem öðruvísi væru í hinu uppfærða viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang og umræddum sýndarnetssamningi Símans og Tals. Það kæmi PFS verulega á óvart ef Síminn ætlaði aðeins að breyta viðmiðunartilboði sínu um sýndarnetsaðgang að hluta til í samræmi við sýndarnetssamning sinn við Tal. Slíkt kæmi þá til skoðunar sem meint brot á gagnsæiskvöð á markaði 15, en umrædd samningsgerð við Tal kynni þegar að fela í sér brot gegn jafnræðiskvöð og kvöð um eftirlit með gjaldskrá á viðkomandi markaði. Í sýndarnetssamningnum væri að

finna fjölmörg ákvæði sem að mati Símans ekki ætti að færa inn í hið uppfærða viðmiðunartilboð. Í fljótu bragði fengi PFS ekki séð að hlutlæg rök stæðu til að nokkuð að ofangreindu ættu að vera með öðrum hætti í umræddum sýndarnetssamningi og hinu uppfærða viðmiðunartilboði, nema ef vera skyldi ákvæði um aðgang að 3G og gagnaflutningi í tengslum við þá tækni, þar sem ákvörðun PFS nr. 4/2007 á markaði 15 næði ekki til þeirrar tækni.

Þessi munur kæmi ekki síst á óvart í ljósi þess að í umræddu bréfi Símans frá 1. apríl kæmi fram að Síminn hefði bæði skyldu og vilja til þess að bjóða öðrum samkeppnisaðilum sams konar samning og Tali hefði fengið. Þá hefði komið fram í máli Símans að umræddur sýndarnetssamningur væri til hagsbóta fyrir báða aðila og væri Síminn því fullkomlega reiðubúinn til að bjóða öðrum samkeppnisaðilum sams konar samning. Að ofangreindu væri ljóst að framangreint svar Símans væri fullt af þversögnum, auk þess sem skýringar Símans á samskiptum félagsins við PFS við „kynningu“ á hinu uppfærða viðmiðunartilboði væru þversagnarkenndar. Því væru verulegar líkur á að Síminn hefði brotið gegn jafnræðiskvöð, gagnsæiskvöð og kvöð um eftirlit með gjaldskrá á markaði 15. Ennfremur gegn ákvörðun PFS nr. 8/2010 um kostnaðargreiningu á markaði 15, með því að bjóða Tali allt að 15% afslátt frá kostnaðargreindu verði, sem umrædd kostnaðargreining gerði ekki ráð fyrir. Þá myndi PFS skoða markaðsstuðning þann sem Síminn hefði veitt Tali.

PFS færi því fram á að Síminn færði öll atriði sem ólík væru á milli umrædds sýndarnetssamnings Símans og Tals og hins „nýja viðmiðunartilboðs“ yfir í viðmiðunartilboðið, að þeim atriðum undanskildum sem Síminn gæti rökstutt með ótvíræðum hætti að ákvörðun PFS nr. 4/2007 (markaður 15) hefði ekki náð yfir. Þá væri gildandi viðmiðunartilboð Símans um sýndarnets- og endursöluáðgang ekki ennþá að finna á vefsíðu félagsins, né heldur drög að því nýja. Þess væri því farið á leit við Símann að bætt yrðu úr þessu þegar í stað að viðlögðum dagsektum.

#### ***2.4 Bréf Símans til PFS vegna uppfærslu viðmiðunartilboðs, dags. 12. apríl 2011***

Með bréfi Símans til PFS, dags. 12. apríl 2011, barst stofnuninni svar við ofangreindu fyrirspurnarbréfi frá 6. apríl. Fram kom að af tölvupóstsamskiptum Símans við starfsmann PFS virtist ljóst að starfsmaður Símans hafi litið svo á að samningur félagsins og Tals hefði áður verið sendur stofnuninni að lokinni undirritun. Hins vegar hefði komið á daginn að svo hefði ekki verið, en ástæður þess væru ekki ljósar. Hins vegar væri ljóst að Síminn hefði sent PFS afrit samningsins þann 23. júní 2010, en hann hefði ekki tekið gildi fyrr en í október s.á. Væri áskilnaði PFS því mætt, þess efnis að 3 mánuðir þyrftu að líða frá tilkynningu um gerð samnings sem viki frá viðmiðunartilboði Símans. Á sama hátt hefði samningur Símans og IMC/Alternati verið sendur PFS þann 4. desember 2009 en ekki verið efndur fyrr en í apríl 2010.

Í ljósi þess að engar formreglur væru í gildi varðandi tilkynningar til PFS um gerð samtengisamninga við önnur fjarskiptafélög, yrði ekki séð að Síminn hefði brotið gegn ákvæðum laga, reglna eða ákvaða sem lagðar hefðu verið á félagið varðandi tilkynningar til PFS um gerð slíkra samninga. Álit stofnunarinnar á því að breytingar skyldu kynntar stofnuninni „ótvírætt“ væri ekki skýrt í lögum eða reglum eða ákvæðum sem hvíldu á Símanum og gætu því ekki bundið félagið. Í ljósi þess að PFS hefði upplýsingar um það að starfsmaður Símans hefði staðið í þeirri trú að nefndur samningur hefði þegar borist stofnunni, enda þótt PFS hefði verið ljóst að svo væri ekki, hefði stofnuninni borið að upplýsa umræddan

starfsmann Símans um málavexti, með hliðsjón af leiðbeiningarskyldu stofnunarinnar. Svo hefði ekki verið gert og því afar líklegt að stofnunin hefði brugðist þeirri skyldu sinni. Í öllu falli væri ljóst að Síminn hefði haldið í góðri trú að samningur hans og Tals hefði verið sendur PFS stuttu eftir undirritun, enda hefði sá misskilningur ekki verið leiðréttur af hálfu PFS.

Þá væri rétt að vekja athygli PFS á því að sú skylda sem stofnunin teldi hvíla á Símanum um að birta viðmiðunartilboð sitt PFS með þriggja mánaða fyrirvara og að breytingar tækju ekki gildi fyrr en að þeim tíma liðnum ef ekki væri ágreiningur um þær, virtist aðeins byggja á orðalagi sjálfs viðmiðunartilboðs Símans en ekki á öðrum ákvæðum laga eða reglna. Sú kvöð sem lögð hefði verið á félagið af hálfu PFS með breytingu á orðalagi viðmiðunartilboðsins með ákvörðunum PFS nr. 19 og 20/2009 hefði einungis lotið að skilmálabreytingunni. Enda þótt skilmálum viðmiðunartilboðsins hefði verið breytt til samræmis við ákvörðun PFS væri ekki fyrir að fara kvöð af hálfu PFS sem legði þá skyldu á herðar Símanum. Almennri kvöð þess efnis væri ekki fyrir að fara né ákvæðum laga eða reglna þar að lútandi. Í ljósi þess að skyldu Símans til þess að tilkynna PFS um breytingar á viðmiðunartilboðum sínum með þriggja mánaða fyrirvara leiddi aðeins af skilmálum viðmiðunartilboðsins, gæti einungis samningsaðili Símans krafist þess að svo yrði gert og þá einungis á grundvelli samningsréttarlegra skuldbindinga Símans sem fælust í viðmiðunartilboðinu. Þá skyldu bæri Síminn hins vegar ekki gagnvart PFS, enda ekki að finna í lögum, reglum eða ákvæðum sem hvíldu á félaginu.

Í þessu samhengi mætti benda á ákvæði 2. másl. 2. gr. reglna nr. 94/2002, um viðmiðunartilboð um samtengingu, þar sem kveðið væri á með almennum hætti um tilkynningar um breytingar á viðmiðunartilboðum. Þar segði einfaldlega að „viðmiðunartilboð sem og allar breytingar á þeim skyldu tilkynnt PFS áður en þau tækju gildi.“ Ekki væri í ákvæðinu kveðið á um að tilkynningar um breytingar á viðmiðunartilboðum skyldi senda PFS með þriggja mánaða fyrirvara, heldur einungis senda PFS áður en þær tækju gildi. Fengist því ekki með nokkru móti séð að Síminn hefði brotið gegn ákvæðum laga, reglna eða fyrirmælum eða ákvaða PFS, enda þótt gagnaðili Símans gæti hugsanlega fullyrt að brotið hefði verið gegn ákvæðum viðmiðunartilboðanna. Væri þá aðeins brotinn samningsbundinn réttur gagnaðila Símans að samningi á grundvelli tilboðsins. Samkvæmt ákvæðum laga, reglna og ákvaða sem giltu á Símanum í dag væri fullnægjandi að PFS fengi senda tilkynningu um breytingar á viðmiðunartilboði með einum eða öðrum hætti áður en þær tækju gildi. Allsendis óljóst væri hvaða formskilyrðum slíkar tilkynningar ættu að uppfylla og því ekki unnt að segja að Síminn hefði ekki uppfyllt þau skilyrði með sendingu samninga sinna við Tal og IMC/Alterná. PFS hefði sannarlega fengið afrit af umræddum samningum a.m.k. þremur mánuðum áður en fyrst hefði verið farið eftir ákvæðum þeirra. Jafnvel þótt skilyrði PFS um þriggja mánaða frestinn ætti við hefði Síminn uppfyllt þau, hvað sem framangreindu liði.

Með vísan til ofangreinds væri því þannig alfarið hafnað að Síminn hefði brotið gegn gildandi málsmeðferðarreglum um tilkynningu um breytingar á viðmiðunartilboðum. Þá hefði gildandi viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang nú verið birt á vefsíðu Símans, en það hefði farist fyrir í kjölfar svarbréfs Símans frá 1. apríl s.l.

Þá benti Síminn á að þau atriði sem orðuð væru með öðrum hætti í sýndarnetssamningnum við Tal og hinu uppfærða viðmiðunartilboði innihéldu fæst efnislegar breytingar sem hefðu í för með sér breytingar á réttindum og skyldum aðila. Orðalagsbreytingar á viðmiðunartilboðinu

sem fram kæmu í gagnkvæmum samningi á milli tveggja aðila fælu alls ekki sjálfkrafa í sér breytingar á réttindum og skyldum aðila eða sköpuðu öðrum hvorum aðilanum betri eða verri rétt en leiða mætti af viðmiðunartilboði Símans. Tilgangur birtingar viðmiðunartilboða væri fyrst og fremst sá að stuðla að gagnsæi í viðskiptum við útgefanda slíks tilboðs með það að markmiði að stuðla að jafnri aðstöðu samningsaðila hans. Yrði því ávallt að horfa til þess hvaða rétt og skyldur samningsákvæðin sköpuðu og hvort þau innihéldu efnislega breytingu á viðmiðunartilboðinu. Að öðrum kosti væri ekki unnt að fullyrða að brotið hefði verið gegn kvöðum um jafnræði og/eða gagnsæi. Væri þeirri fullyrðingu PFS þ.a.l. mótmælt að umræddar breytingar fælu í sér slíkar breytingar á réttarsambandi Símans og Tals frá því sem greindi í viðmiðunartilboðinu að jafnræði eða gagnsæi væri raskað.

Hvað varðaði hugsanlegt brot Símans gegn gagnsæiskvöð skv. ákvörðun PFS nr. 4/2007 skyldi ítrekað að í ákvörðuninni kæmi ekki fram með hvaða hætti skyldi birta stofnuninni ný viðmiðunartilboð. Vegna meints brots gegn jafnræðiskvöð skyldi bent á að ekkert lægi fyrir um að jafnræði samningsaðila hefði verið raskað. Vanræksla á að fylgja óskum PFS um aðferðir við birtingu viðmiðunartilboða gæti ekki með nokkru móti þýtt að jafnræði samningsaðila Símans hefði ekki verið virt, enda lægi ekkert fyrir um að samningsaðilar hefðu ekki setið við sama borð í samningaviðræðum við Símann. Hvað varðaði brot gegn kvöð um eftirlit með gjaldskrá hefði áður verið að því vikið að viðmiðunartilboð Símans hefði ekki verið birt á vefsíðu félagsins sökum mistaka. Úr því hefði nú verið bætt. Á það skyldi lögð áhersla að ekkert lægi fyrir um að samningsaðilar Símans hefðu búið við ójafna aðstöðu vegna þess, enda væri Síminn reiðubúinn að semja við alla aðila á sama hátt og greindi í viðmiðunartilboði hans og gert hefði verið í samningum við Tal og IMC.

Í þessu samhengi skyldi ennfremur vísað til ákvæðis 2. máls. 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 94/2002 um viðmiðunartilboð um samtengingu. Þar segði að fjarskiptafyrirtæki skyldu eiga þess kost að semja um einstaka þætti viðmiðunartilboðsins. Væri þannig beinlínis gengið úr frá því að heimilt væri að semja við einstök fjarskiptafyrirtæki um einstaka þætti viðmiðunartilboðs og að samningar sem gerðir væru á grundvelli slíks tilboðs þyrftu ekki að vera eins að öllu leyti. Væri þannig augljóst að meta yrði efni, rétt og skyldur aðila á grundvelli hvers og eins samnings áður en unnt væri að fullyrða um að brotið hefði verið gegn jafnræði aðila. Í bréfi PFS hefði hins vegar ekki verið vikið að einstökum atriðum að öðru leyti en með upptalningu atriða sem orðuð væru með ólíkum hætti í viðmiðunartilboðinu og samningnum. Væri því óljóst hvaða atriði stofnunin teldi að raskaði jafnræði aðila og því ókleift að svara fyrir þau að svo stöddu.

Að lokum gerði Síminn nánari grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hefðu verið á viðmiðunartilboðum félagsins um endursölu- og sýndarnetsaðgang. Fjallað verður um sjónarmið Símans undir umfjöllun um sérhvert atriði í köflum 4.4 og 4.5 hér að neðan. Fram kom í máli Símans að PFS hefði farið fram á það að félagið færði öll atriði sem ólík væru á milli sýndarnetssamningsins og uppfærðs viðmiðunartilboðs yfir í hið uppfærða viðmiðunartilboð, að þeim atriðum undanskildum sem Síminn gæti rökstutt með ótvíræðum hætti að ákvörðun PFS nr. 4/2007 hefði ekki náð yfir. Í samræmi við framangreint fylgdi bréfi þessu drög að nýju viðmiðunartilboði, en sem fyrr greindi væri þar að meginstefnu um orðalagsbreytingar að ræða. Öll þau atriði sem vísað væri til í bréfi Símans frá 1. apríl og ekki væri sérstaklega minnst á í þessu bréfi hefðu verið færð inn í nýtt viðmiðunartilboð.

Rökstuðningur Símans varðandi önnur atriði sem rétt þætti að væru með öðrum hætti í samningnum við Tal en í viðmiðunartilboðinu kæmi fram í bréfi þessu.

## **2.5 Samráð varðandi uppfærslu Símans á viðmiðunartilboði – 20. apríl 2011**

Þann 20. apríl 2011 efni PFS til samráðs um framangreinda uppfærslu Símans á viðmiðunartilboði um sýndarnets- og endursöluáðgang.

## **2.6 Bréf PFS til Símans vegna meints brots á kvöðum á markaði 15, dags. 27. apríl 2011**

Með bréfi PFS til Símans frá 27. apríl 2011 í máli nr. 11-04-20 (Meint brot Símans á kvöðum á M15) vísaði stofnunin til framangreinds bréfs PFS til Símans frá 6. apríl 2011 og svarbréfa Símans frá 1. og 12. apríl. Í bréfi PFS til Símans, dags. 6. apríl, hefði komið fram að það kæmi PFS á óvart að Síminn hefði aðeins í hyggju að breyta viðmiðunartilboði sínu um sýndarnetsaðgang að hluta til í samræmi við sýndarnetssamning félagsins við Tal. Slíkt kæmi þá til skoðunar sem meint brot Símans á gagnsæiskvöð á markaði 15. Þá kynni umrædd samningsgerð við Tal að fela í sér brot gegn jafnræðiskvöð og kvöð um eftirlit með gjaldskrá á viðkomandi markaði, auk þess að brjóta í bága við ákvörðun PFS nr. 8/2010 (kostnaðargreining á M15). PFS fengi ekki séð að hlutlæg rök stæðu til þess að uppfært viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang ætti að vera með öðrum hætti en umræddur samningur við Tal, nema ef vera skyldi ákvæði um aðgang að 3G og gagnaflutningi í tengslum við þá tækni.

Þá kom fram að í ofangreindu bréfi PFS til Símans, dags. 6. apríl 2011, hefði ennfremur komið fram að stofnunin hefði í hyggju að skoða hin meintu brot Símans í sérstöku máli sem hér með hefði verið stofnað. Þess hefði verið farið á leit við Símann að félagið færði öll atriði sem ólík væru á milli umrædds sýndarnetssamnings við Tal og viðmiðunartilboðs um sýndarnetsaðgang yfir í viðmiðunartilboðið, að þeim atriðum undanskildum sem félagið gæti rökstutt að ákvörðun PFS nr. 4/2007 næði ekki yfir. Þá hefði verið lagt fyrir Símann að birta gildandi viðmiðunartilboð um sýndarnets- og endursöluáðgang frá árinu 2009 á heimasíðu sinni þar sem þau væru ekki þar að finna. Símanum væri ennfremur frjálst að birta þar drög að hinum uppfærðu viðmiðunartilboðum.

Í ofangreindu svarbréfi Símans frá 12. apríl 2011 hefði félagið gert grein fyrir þeim atriðum sem ólík væru milli sýndarnetssamningsins og viðmiðunartilboðsins. Síminn hefði talið flest þau atriði sem ólík væru ekki innihalda efnislegar breytingar sem hefðu í för með sér breytingar á réttindum eða skyldum aðila, t.d. orðalagsbreytingar. Slíkt ósamræmi þyrfti ekki að þýða að Síminn hefði raskað gagnsæi eða jafnræði. Eins of fram kæmi í liðum 2.4 og 2.7 í viðauka 1 (verðskrá) í sýndarnetssamningi Símans og Tals væri gert ráð fyrir að Tal nyti [...]³ afsláttar fyrir tal og SMS/MMS, mismikið eftir fjölda mínútna og skilaboða á ári. Hins vegar væri ekki gert ráð fyrir slíkum afsláttum í kostnaðargreiningu Símans sem PFS hefði staðfest með tilteknum breytingum með ákvörðun PFS nr. 8/2010. Í ofangreindu svarbréfi Símans hefði komið fram að verð í viðmiðunartilboði félagsins um sýndarnetsaðgang væru í samræmi við niðurstöðu PFS á kostnaðargreiningu Símans. Ákvæði í umræddum sýndarnetssamningi við Tal (og reikisamningi við IMC), þar sem verð fyrir tal og SMS/MMS hefðu verið í samræmi við hina upprunalegu kostnaðargreiningu Símans með afslætti, hefðu verið felld út og tækju

<sup>3</sup> Fellt brott vegna trúnaðar. Það sama má segja um hornklofa í framhaldinu.

mið af niðurstöðu PFS í ákvörðun nr. 8/2010. Umrædd afsláttarkjör hefðu því aldrei orðið virk og afslátturinn því aldrei veittur.

PFS fór þess á leit við Símann að félagið sýndi fram á það, með afritum af mánaðarlegum uppgjörsgögnum á milli Símans og Tals annars vegar og Símans og IMC hins vegar, að umræddir afslættir hefðu ekki verið veittir eins og Síminn héldi fram. Símanum bæri að afhenda PFS mánaðarleg uppgjörsgögn, ásamt nauðsynlegum undirgögnum, í formi afrita af útgefnum reikningum og viðskiptayfirliti úr bókhaldi félagsins, sem staðfesti ofangreinda staðhæfingu Símans, fyrir tímabilið 1. apríl 2010 til 1. apríl 2011 vegna IMC, og í tilviki Tals frá útgáfu fyrsta reikningsins til 1. apríl 2011.

### ***2.7 Svarbréf Símans til PFS vegna meints brots á kvöðum á markaði 15, dags. 10. maí 2011***

Með bréfi Símans til PFS, dags. 10. maí 2011, afhenti félagið stofnuninni umbeðin afrit af reikningum Símans vegna samtengiuppgjors við Tal og IMC. Í umræddum gögnum kom ekkert fram sem benti til þess að umræddir afsættir hefðu verið veittir.

### ***2.8 Bréf Tals til PFS, dags. 16. maí 2011***

Með bréfi Tals til PFS, dags. 16. maí 2011, tjáði félagið sig um uppfærð viðmiðunartilboð Símans um sýndarnets- og endursöluaðgang. Fram kom að Tal hefði nú þegar samið við Símann um sýndarnetsaðgang sem væri í samræmi við uppfært viðmiðunartilboð og teldi það hagsmunamál fyrir sig að PFS féllist á þær breytingar sem Síminn hefði gert á viðmiðunartilboðum sínum. Tal teldi að hægt væri að fallast á að símtöl milli viðskiptavina Tals og viðskiptavina Símans væru innankerfissímtöl og hvetti PFS til að heimila þessa breytingu.

### ***2.9 Bréf Nova til PFS, dags. 20. maí 2011***

Með bréfi Nova til PFS, dags. 20. maí 2011, tjáði félagið sig um nýtt viðmiðunartilboð Símans fyrir sýndarnetsaðgang. Fram kom að helstu breytingarnar í nýja viðmiðunartilboðinu væru annars vegar ný skilgreining á „innankerfissímtölum“ en hins vegar að Síminn innleiddi nú markaðsstuðning til þeirra aðila sem gerðu sýndarnetssamninga við félagið. Nova teldi bæði þessi atriði afar vafasöm í viðmiðunartilboði markaðsráðandi aðila og að þau kæmu ekki til greina. PFS hlyti því að hafna þessum breytingum, sem Síminn virtist þegar hafa innleitt í samningum við a.m.k. tvo þjónustuaðila á farsímamarkaði.

Í fyrsta lagi teldi Nova það ekki standast skoðun að skilgreina símtöl sem færu á milli sýndarnetsaðila og viðskiptavina Símans sem innankerfissímtöl. Í öðru lagi teldi Nova það ekki standast að Símanum væri heimilt að búa þannig um hnútana að hagsmunir Símans og sýndarnetsaðila væru spyrtil saman með markaðsstuðningi og miklum hvata til aukinna netáhrifa. Í þriðja lagi teldi Nova að skilgreining Símans á innankerfissímtölum gengi gegn skilgreiningu á starfsemi á markaði 7. Nova andmælti þannig hinu nýja viðmiðunartilboði Símans og taldi það stuðla með afar óeðlilegum hætti að því að auka svokölluð netáhrif Símans. Með skilgreiningu sinni um „innankerfissímtöl“ virtist Síminn búa til þau áhrif að sýndarnetsaðili nyti þess að símtöl milli viðskiptavina hans og viðskiptavina Símans yrðu mun hagkvæmari en áður og um leið nyti hann þess hversu stór viðskiptamannahópur Símans væri.



Til þess að auka þessi áhrif enn frekar, og til þess að spyrða hagsmuni Símans og sýndarnetsaðilans enn meira saman, kynnti Síminn auk þessa til sögunnar markaðsstuðning, í þeim tilgangi að hvetja sýndarnetsaðilann til árangurs við að auka þessi netáhrif enn frekar.

## **2.10 Bréf Vodafone til PFS, dags. 24. maí 2011**

Vodafone teldi einsýnt að verulegur misbrestur hefði verið á því að Síminn hefði uppfyllt þær kvaðir sem lagðar hefðu verið á fyrirtækið með ákvörðun nr. 4/2007 og síðari ákvörðunum. Ljóst væri einnig að á sama tíma hefði háttsemi fyrirtækisins orðið til þess að verulega hefði dregið úr samkeppni á markaði 15. Vodafone hvetti PFS því til að taka til gagnerrar endurskoðunar framkvæmd kvaðanna og eftir atvikum hvort háttsemi Símans kallaði á beitingu viðurlaga að fjarskiptalögum.

Með ákvörðun PFS nr. 4/2007 hefði Síminn verið útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 15 og tiltekna kvaðir lagðar á félagið, þ.m.t. um birtingu viðmiðunartilboða. Síminn hefði ekki uppfyllt umrædda kvöð fyrr en rúmu ári seinna, þ.e. í apríl 2008 þegar birt hefðu verið viðmiðunartilboð um sýndarnets- og endursöluáðgang. Umrædd viðmiðunartilboð hefðu síðan verið uppfærð í tvígang þar til PFS samþykkti þau með ákvörðunum nr. 19 og 20/2009 í nóvember 2009. Í máli Símans hefði komið fram að hinn 8. janúar 2010 hefði Síminn gert samning við Tal um sýndarnetsaðgang sem hefði verið verulega frábrugðinn birtu viðmiðunartilboði. Ennfremur að Síminn hefði við þetta tækifæri ákveðið að fjarlægja viðmiðunartilboð af heimasíðu félagsins. Ekki væri að finna neinar skýringar í bréfinu hvers vegna nýtt og uppfært tilboð hefði ekki verið birt í stað þess eldra. Lægi því fyrir að Síminn hefði að minnsta kosti frá því í janúar 2010 brotið gegn framangreindri kvöð um birtingu viðmiðunartilboðs. Yrði því ekki séð að mikið hald væri í þeirri viðleitni Símans að bera því við að hér hefði verið um mistök að ræða, þ.e. að Síminn hefði verið í góðri trú og að enginn hefði orðið fyrir tjóni vegna þessa.

Síminn hefði óskað trúnaðar um verðskrárhlyta viðmiðunartilboðsins. Í ákvörðun nr. 8/2010 varðandi kostnaðargreiningu á heildsöluverðum Símans fyrir upphaf og aðgang símtala hefði PFS fallist á þá kröfu Símans. Hefði stofnunin m.a. vísað til þess að Síminn og Vodafone hefðu keppt um viðskipti á umræddum markaði í einhverjum mæli og undanþága frá opinberri birtingu verðskrár drægi úr líkum á því að samkeppnisaðilar yrðu samstíga Símanum í verðlagningu. Mætti þannig auka líkur á raunverulegri verðsamkeppni. Að mati Vodafone væri rétt að rifja upp að tilgangur kvaðar um birtingu viðmiðunartilboðs (og þ.m.t. gjaldskrár) væri að gefa öllum markaðsaðilum kost á að sjá hvað væri í boði og tryggja að fyrirtæki yrðu ekki krafín um greiðslu fyrir þjónustu eða aðstöðu sem væri þeim ekki nauðsynleg. Skilmálar sem giltu fyrir aðgang að netum og þjónustu skiptu máli fyrir samkeppnisstöðu nýrra aðila á markaði enda væri birtu viðmiðunartilboði ætlað að vera grundvöllur undir samningaviðræður sem leiddu af kvöð um aðgang. Aðgangskvöð væri ætlað að stuðla að samkeppni á viðkomandi markaði þar sem markaðsbrestur væri talinn vera fyrir hendi vegna umtalsverðs markaðsstyrks Símans. Kvöð um gagnsæi yrði að skoða í samhengi við kvöð um aðgang og þau meginmarkmið sem byggju að baki álagningu kvaða almennt, þ.e. að stuðla að samkeppni á viðkomandi markaði. Í ljósi þess að kvaðir yrðu eingöngu lagðar á fyrirtæki sem teldust njóta umtalsverðs markaðsstyrks væri einsýnt að kvöðum væri ætlað að rétta af markaðsbrest með því að tempra markaðsstyrk viðkomandi og koma þannig í veg fyrir að hann styrktist.

Ljóst væri að Síminn hefði gert veigamiklar breytingar á viðmiðunartilboðum um endursölu- og sýndarnetsaðgang að því er varðaði verð fyrir aðganginn en Vodafone gæti eðli málsins samkvæmt ekki gert athugasemdir við einstaka liði gjaldskrárinnar þar sem hún væri enn sem komið er bundin trúnaði. Vert væri þó að benda á, að frá því að PFS samþykkti að Símanum væri heimilt að halda verðskrá leyndri, hefðu nánast öll heildsöluviðskipti færst yfir til Símans. Vodafone hefði freistað þess að veita Símanum samkeppni að þessu leyti án árangurs. Af þeim gögnum sem birt hefðu verið í samráðinu mætti ráða að aðgangur væri að einhverju leyti niðurgreiddur með hlutdeild í lúkningargjöldum eða niðurfellingu þeirra og óskilgreindum styrk til markaðsstarfsemi. Vodafone teldi umrædda háttsemi Símans svara til skaðlegrar undirverðlagningar í skilningi samkeppnisrekstrar sem væri síst til þess fallin að stuðla að samkeppni á markaði til lengri tíma litið. Væri því ástæða til að hvetja PFS til að taka til gagn Gerrar endurskoðunar ákvörðun um að heimila trúnað á verðupplýsingum. Vísadist hér einnig til þess að Síminn hefði leynt og ljóst hunsað kvöð um birtingu viðmiðunartilboða um langt skeið.

Með ákvörðun PFS nr. 4/2007 hefði verið lögð kvöð á Símann um aðgang, bæði að því er varðaði sýndarnet og endursölu. Í ákvörðuninni segði að sýndarnetsaðili réði sjálfur yfir kerfi sem þyrfti til samtengingar og reikis en ekki eigin dreifikerfi. Sýndarnetsaðilar gætu boðið upp á breiðara þjónustuframboð en endursöluaðilar og væru því í betri aðstöðu til þess að veita netrekendum samkeppni þegar til lengri tíma væri litið. Ljóst væri að Síminn hefði í hinum nýju viðmiðunartilboðum afnumið þann greinarmun sem almennt væri gerður á milli sýndarnetsaðila og endursöluaðila. Þannig væri t.d. skilgreining á innankerfissímtali hin sama í báðum tilvikum þrátt fyrir að almennt væri gert ráð fyrir því að sýndarnetsaðili annaðist sjálfur samtengingu og lúkningu, líkt og vísad væri til í ákvörðunum PFS nr. 4/2007 og 20/2009. Vodafone teldi því verulegan vafa leika á því hvort Síminn uppfyllti kvöð um aðgang að því er varðaði birtingu viðmiðunartilboðs um sýndarnetsaðgang, enda virtist sýndarnetsaðgangur ekki lengur vera í boði hjá fyrirtækinu. Væri þess því farið á leit við PFS að stofnunin hugaði sérstaklega að því hvort viðmiðunartilboðið eða framkvæmd samninga sem á því byggðu teldust til sýndarnetsaðgangs.

Þá væri vert að hafa í huga að fram kæmi í máli Símans að breytingar á viðmiðunartilboðum, t.d. ákvæði um styrk vegna markaðsstarfsemi, miðuðu allar að því að auka umferð á dreifikerfi Símans. Að sama skapi mætti ráða af bréfinu og þeim breytingum sem þar væri lýst að það væri markmið Símans að færa heildsöluviðskipti yfir í endursölu á kostnað sýndarnetsaðgangs. Yrði ekki séð að umrædd markmið Símans samrýmdust tilgangi þeirra kvaða sem lagðar yrðu á félagið á markaði 15, þ.e. að auka samkeppni.

### ***2.11 Bréf PFS til Símans, dags. 24. maí 2011***

Með bréfi PFS til Símans, dags. 24. maí 2011, var félaginu veitt færi á að tjá sig um framangreindar athugasemdir Vodafone, Nova og Tals við hin uppfærðu viðmiðunartilboð um sýndarnets- og endursöluaðgang.

### ***2.12 Andmælabréf Símans, dags. 16. júní 2011***

Með bréfi Símans til PFS, dags. 16. júní 2011, bárust stofnuninni andmæli Símans við athugasemdir þær sem fram komu í í framangreindum bréfum Vodafone og Nova. Síminn tók

fram að umræddar athugasemdir bættu litlu efnislega við það sem fram hefði komið á fyrri stigum og Síminn hefði áður svarað, sérstaklega í framangreindu svarbréfi frá 1. júní 2011 í máli 11-02-33 (Meint brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði 7).

Síminn gerði athugasemd við málsmeðferð PFS í málinu og nauðsyn þess að stofnunin sendi viðmiðunartilboð í umsagnarferli til helstu keppinauta félagsins. Einu félögin sem hefðu sig í frammi væru ekki viðsemjendur Símans um sýndarnet eða endursöluaðgang heldur helstu keppinautar félagsins á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala. Allar staðhæfingar Vodafone og Nova yrði að skoða í því samhengi að um væri að ræða helstu keppinauta félagsins á farsímamörkuðum. Á hinn bóginn virtust þau fjarskiptafyrirtæki sem hefðu samið um aðgang að farsímadreifikerfi félagsins ekki sjá ástæðu til að setja út á viðmiðunartilboðin. Þeir samningar sem Síminn hefði gert við viðsemjendur sína hefðu verið gerðir á viðskiptalegum forsendum í frjálsum samningum. Í þessu sambandi væri vitnað til umsagnar Tals, þar sem fram hefði komið að félagið hefði samið við Símann um sýndarnetsaðgang sem væri í samræmi við uppfært viðmiðunartilboð og teldi það hagsmunamál fyrir sig að PFS féllist á umræddar breytingar Símans á viðmiðunartilboðunum og að hægt væri að fallast á það með Símanum að símtöl milli viðskiptavina Tals og viðskiptavina Símans væru innankerfissímtöl. Teldi Síminn eðlilegt að frekar væri tekið mið af athugasemdum viðsemjenda Símans en þeim aðilum sem ekki hefðu samnings samband á grundvelli viðmiðunartilboðanna.

Sá munur væri á þeim viðmiðunartilboðum sem hér væru til umfjöllunar og öðrum viðmiðunartilboðum sem farið hefðu í umsagnarferli í gegnum tíðina, að í þeim síðarnefndu væri fyrst og fremst um það að ræða að það væru viðsemjendurnir sjálfir sem tjáðu sig um viðmiðunartilboðin. Dæmi um þetta væru viðmiðunartilboð um heimtaugar og viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta. Yrði með hliðsjón af þessu að draga í efa að Vodafone og Nova hefðu aðilastöðu í máli þar sem reyndi á innihald umræddra tilboða. Væri því beint til PFS að skoða málið í þessu ljósi og taka til skoðunar hvort umsagnarferli eins og hér um ræddi væri eðlileg málsmeðferð og sér í lagi hvort álit viðsemjenda ætti ekki að hafa meira vægi en álit helstu keppinauta á viðkomandi markaði.

Varðandi athugasemdir Nova um innankerfissímtöl vísaði Síminn til fyrri andmæla sinna, þ.m.t. framangreinds bréfs Símans til PFS, dags. 1. júní 2011. Auk þess héldi Nova því fram að fyrirbærið sýndarnetsaðili væri skýrt skilgreint hugtak. Svo væri alls ekki, þar sem ekki væri til samræmd skilgreining á þessu fyrirbæri og skilningur á því nokkuð mismunandi milli ríkja. Það væri sameiginlegt með skilgreiningunum að um væri að ræða fyrirtæki sem ekki ræki sjálft þráðlausa hlutann af netinu. Sýndarnetsaðili væri samkvæmt því fyrirtæki sem ekki ætti eigið farsímadreifikerfi. Hversu mikið slíkt fyrirtæki ætti sjálft af öðrum nauðsynlegum búnaði gæti verið mjög mismunandi.

Varðandi tilvísun Nova til netáhrifa væri það að segja að það væri beinlínis vegna ætlaðs markaðsstyrks Símans sem PFS hefði með ákvörðun nr. 4/2007 lagt þá kvöð á Símann að félagið veitti markaðsaðilum sýndarnets- og endursöluaðgang að farsímadreifikerfi sínu. Væri það því í samræmi við kröfur PFS að heildsöluverðskrá Símans væri þannig upp byggð að aðilar á markaði fengju notið stærðarhagkvæmni félagsins. Það væru í raun hæpnar forsendur fyrir nýja aðila að koma inn á markaðinn án þess að fá að njóta slíkrar hagkvæmni, hvort sem það væri hjá Símanum eða öðrum aðilum sem byðu aðgang á heildsölustigi að fjarskiptanetum

sínum. Stærðarhagkvæmni sem nýr aðili nyti væri því stærðarhagkvæmni þess nets sem samið væri við hverju sinni og gæti allt eins verið samningur um aðgang að farsímadreifikerfi Nova eða Vodafone.

Vodafone hefði vitnað í framangreint bréf Símans til PFS frá 1. apríl s.l. og segði að í því hefði komið fram að samningur Símans við Tal um sýndarnetsaðgang hefði verið „verulega frábrugðinn birtu viðmiðunartilboði.“ Það væri rangtúlkun af hálfu Vodafone að umrætt bréf fæli það í sér að um veruleg frávík væri að ræða. Um væri að ræða ákveðinn mun sem skýrður hefði verið í umræddu bréfi. Vodafone drægi einnig rangar ályktanir af því að viðmiðunartilboð Símans hefðu verið fjarlægð af heimasíðu félagsins. Síminn hefði gefið skýringar á því í framangreindu svari.

Vodafone gerði því skóna að ákvörðun PFS um að Símanum væri ekki skylt að birta verðskrá með viðmiðunartilboði hefði skaðað samkeppni á markaðnum og beindi þeim tilmælum til PFS að stofnunin endurskoðaði þá ákvörðun. Síminn hafnaði þessu og vísaði til ítrekaðra sjónarmiða sinna sem fram hefðu komið á fyrri stigum. Sérstaklega bæri að vekja athygli á þeirri sérkennilegu staðhæfingu Vodafone að eftir að PFS hefði samþykkt umrædda undanþágu hefðu „nánast öll heildsöluviðskipti færst yfir til Símans“ og að Vodafone hefði „án árangurs“ reynt að veita Símanum samkeppni á þessu sviði. Síminn hafnaði þessum fullyrðingum sem gjörsamlega staðlausum enda væru þær ekki studdar neinum gögnum eða vísað til tiltekinnar staðreynda. Vodafone væri þvert á móti með mjög sterka stöð á heildsölumarkaði, með samninga við m.a. Nova og Tal sem væru helstu kaupendur að heildsöluþjónustu að Símanum og Vodafone frátöldum.

Þá væri undarleg sú staðhæfing Vodafone að vafi léki á um hvort Síminn uppfyllti kvöð um aðgang, „enda virtist sýndarnetsaðgangur ekki lengur vera í boði hjá fyrirtækinu.“ Þessi staðhæfing væri í besta falli byggð á misskilningi, sem mætti e.t.v. skýra með því að Vodafone félli hér í sömu gryfju og Nova, þ.e. að telja að fyrirbærið sýndarnetsaðili væri skýrt skilgreint hugtak. Staðhæfingin væri allt að einu alröng, samningar um sýndarnetsaðgang hjá Símanum stæðu markaðsaðilum ótvírætt til boða og viðmiðunartilboð um það væri birt á heimasíðu Símans. Síminn væri með virka samninga um sýndarnetsaðgang og innanlandsreiki og hefði átt í samningaviðræðum við aðila á markaði um endursölu.

Vodafone kæmist að þeirri niðurstöðu að „það væri markmið Símans að færa heildsöluviðskipti yfir í endursölu á kostnað sýndarnetsaðgangs.“ Vandséð væri hvaðan Vodafone sækti stuðning fyrir þessari ályktun. Hann væri alla vega ekki að finna í bréfum eða tilboðum Símans. Hins vegar hefði Síminn haldið því fram, að kæmist PFS að þeirri niðurstöðu að símtöl milli farsímanets og sýndarfarsímanets á sama neti væru ekki innankerfissímtöl, væri hætt við að ekki yrði rekstrargrundvöllur fyrir sýndarnet. Nýir aðilar myndu sjá hag sínum betur borgið með því að gerast endursöluaðilar. Þetta væri einfaldlega ábending um hvað Síminn teldi líklega afleiðingu af slíkri ákvörðun og segði ekkert um markmið Símans í þessu efni. Eðlilegast væri að PFS framkvæmdi sjálfstæða rannsókn á því hvort ábending Símans ætti við rök að styðjast.

### **2.13 Boðunarbréf PFS, dags. 18. apríl 2012**

Með bréfi til málsaðila, dags. 18. apríl 2012, boðaði PFS ákvörðun í málinu. Í kafla IV hér að neðan, er fjallar um niðurstöður og forsendur PFS, verður vitnað í umrætt boðunarbréf á viðeigandi stöðum.

### **2.14 Seinna andmælabréf Símans, dags. 4. maí 2012**

Með bréfi, dags. 4. maí 2012, bárust PFS athugasemdir Símans við ofangreindu boðunarbréfi. Síminn taldi ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við umfjöllun og túlkanir PFS í hinni boðuðu ákvörðun sem væru að mati Símans að einhverju leyti byggðar á misskilningi. Þyrfti því að leiðrétta hina boðuðu ákvörðun með tilliti til þessa. Í kafla IV hér að neðan, er fjallar um niðurstöður og forsendur PFS, verður vitnað í umrætt bréf á viðeigandi stöðum.

Í almennri umfjöllun sinni vildi Síminn árétt skilning sinn á því að viðmiðunartilboð væri í eðli sínu alltaf til viðmiðunar og því ætti að vera heimilt að koma til móts við þarfir hvers og eins viðsemjanda enda gæti uppsetning þeirra og starfsemi kallað á breytingar sem ekki hentuðu öllum. Ákveðinn sveigjanleiki væri nauðsynlegur til þess að geta aðlagð samninga í samræmi við hvert tilfelli fyrir sig. Því gæti of ströng formfesta vegna viðmiðunartilboðsins einnig verið skaðleg fyrir viðsemjanda Símans. Þótt ákveðinn grunnatriði giltu með sama hætti fyrir alla, væru ekki öll fyrirtæki eins og ólíkar aðstæður gætu kallað á ólíkar nálganir. Mikilvægt væri að PFS hefði þetta í huga. Eitt af þeim atriðum sem Síminn teldi áriðandi, væri að fyrir fyrirtæki sem væri starfandi á kerfum Símans væri það forsenda fyrir rekstri að leynd hvíldi yfir fyrirkomulagi samnings. Aðilar líkt og Nova og Vodafone, sem hefðu núna fengið nánast allar upplýsingar sem hugsast gæti um samning Símans og Tals, gætu hagað þjónustu sinni þannig að það yrði ókleift fyrir viðskiptavinum Símans í heildsölu að keppa við Vodafone eða Nova.

Samningur sem Síminn gerði á grundvelli viðmiðunartilboðsins væri samningur milli tveggja aðila á grundvelli samningaviðræðna beggja. Þannig væru breytingar ekki einhliða tillögur Símans heldur niðurstaða af slíkum viðræðum. Teldi Síminn að í hinni boðuðu ákvörðun PFS væri lögð of mikil áhersla á það að Síminn hefði einhliða breytt viðmiðunartilboðinu. Að mati Símans væri það ekki alls kostar rétt enda væri í eðli sínu ekki gerð breyting á viðmiðunartilboðinu heldur væri gerður viðskiptasamningur við Tal þar sem Síminn teldi sig vera að koma til móts við þarfir Tals og teldi sig hafa ákveðið svigrúm til þess að semja við félagið.

Þá kom fram að meðfylgjandi bréfinu væru reikningar þeir sem Síminn hefði gefið út á Tal og IMC vegna aðgangsgjalds og PFS hefði óskað eftir í boðunarbréfi sínu.

### **2.14 Seinna andmælabréf Vodafone, dags. 4. maí 2012**

Með bréfi, dags. 4. maí 2012, bárust PFS athugasemdir Vodafone við ofangreindu boðunarbréfi. Fram kom að í ljósi þess að PFS hefði ákveðið að aflétta kvöðum á Símanum á markaði 15 myndi Vodafone ekki gera viðamiklar og ítarlegar athugasemdir við framangreindar breytingar á viðmiðunartilboðum Símans. Engu að síður teldi Vodafone

nauðsynlegt að koma á framfæri athugasemdum við tvo þætti í hinni boðuðu ákvörðun, þ.e. annars vegar ákvæði um markaðsstuðning og hins vegar ákvæði um aðgang að þriðju kynslóðar farsímakerfum Símans. Í kafla IV hér að neðan, er fjallar um niðurstöður og forsendur PFS, verður vitnað í umrætt bréf á viðeigandi stöðum.

### III.

#### *Ákvarðanir PFS í tengslum við markaði 7 og 15 og samningar fjarskiptafyrirtækja*

Varðandi ákvarðanir PFS í tengslum við markaði 7 og 15 og samningar fjarskiptafyrirtækja sem máli skipta við úrlausn máls þessa er vísað til III. kafla ákvörðunar PFS nr. 13/2012 um brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði 7 og hlutdeild smásölu Símans í heildsölutekjum. Þar er með ítarlegum hætti fjallað um markaðsgreiningar PFS á mörkuðum 7 og 15, ákvarðanir PFS um viðmiðunartilboð Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang frá nóvember 2009, ákvörðun PFS um kostnaðargreiningu Símans varðandi endursölu- og sýndarnetsaðgang frá 2010, sýndarnetssamning Tals og Símans frá janúar 2010 og samning Tals og Símans um kaupleigu og rekstur símstöðvar.

### IV.

#### *Niðurstaða og forsendur PFS*

##### ***4.1 Málsmeðferð PFS við yfirferð viðmiðunartilboðanna***

Eins og fram kemur í framangreindu andmælabréfi Símans til PFS, dags. 16. júní 2011, gerði Síminn athugasemd við málsmeðferð PFS í málinu og það að stofnunin sendi viðmiðunartilboð í umsagnarferli til helstu keppinauta félagsins. Einu félögin sem hefðu sig í frammi væru ekki viðsemjendur Símans heldur helstu keppinautar félagsins á markaði. Allar staðhæfingar Vodafone og Nova yrði að skoða í því samhengi að um væri að ræða helstu keppinauta félagsins á farsímamörkuðum. Á hinn bóginn virtust þau fjarskiptafyrirtæki sem hefðu samið um aðgang að farsímadreifikerfi félagsins ekki sjá ástæðu til að setja út á viðmiðunartilboðin. Þeir samningar sem Síminn hefði gert við viðsemjendur sína hefðu verið gerðir á viðskiptalegum forsendum í frjálsum samningum. Teldi Síminn eðlilegt að frekar væri tekið mið af athugasemdum viðsemjenda Símans en þeim aðilum sem ekki hefðu samnings samband á grundvelli viðmiðunartilboðanna. Sá munur væri á þeim viðmiðunartilboðum sem hér væru til umfjöllunar og öðrum viðmiðunartilboðum sem farið hefðu í umsagnarferli í gegnum tíðina, að í þeim síðarnefndu væri fyrst og fremst um það að ræða að það væru viðsemjendurnir sjálfir sem tjáðu sig um viðmiðunartilboðin. Yrði með hliðsjón af þessu að draga í efa að Vodafone og Nova hefðu aðilastöðu í máli þar sem reyndi á innihald umræddra tilboða. Væri því beint til PFS að skoða málið í þessu ljósi og taka til skoðunar hvort umsagnarferli eins og hér um ræddi væri eðlileg málsmeðferð og sér í lagi hvort álit viðsemjenda ætti ekki að hafa meira vægi en álit helstu keppinauta á viðkomandi markaði.

Samkvæmt ákvæði 6. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun skal PFS veita hagsmunaaðilum rétt til umsagnar áður en stofnunin tekur ákvörðun sem hefur veruleg áhrif á viðkomandi fjarskiptamarkað. PFS viðhafði slíkt samráð þegar hin upprunalegu

viðmiðunartilboð um endursölu- og sýndarnetsaðgang voru samþykkt í nóvember 2009. Jafn sjálfsagt þykir að stofnunin viðhafi slíkt samráð nú þegar fjallað er um breytingar Símans á umræddum viðmiðunartilboðum og hugsanlegar breytingar PFS á þeim. Slíkt verklag er ekki síst til þess fallið að upplýsa mál með fullnægjandi hætti og fá fram sjónarmið sem flestra aðila áður en PFS tekur endanlega ákvörðun. Ekki er síður mikilvægt að sjónarmið keppinauta Símans á viðkomandi heildsölumörkuðum fái að koma fram en sjónarmið viðsemjenda Símans. Verður að telja að slíkt sé í fullu samræmi við góða stjórnsýsluhætti.

Það er síðan undir mati PFS komið hvaða sjónarmið hafi meiri vægi en önnur. Þar hefur PFS það m.a. í huga að sjónarmið keppinauta Símans kunna að vera Símanum í óhag, á sama hátt og sjónarmið Símans kunna að vera of ívilnandi fyrir Símann. Þá kunna sjónarmið sammingsaðila Símans að bera keim af mikilvægi óbreytts ástands fyrir þá aðila og vera því Símanum í hag. Þá verður að greina á milli almennra sjónarmiða aðila er snúa að staðreyndum og málsatvikum annars vegar og lögfræðilegs málatilbúnaðs aðila hins vegar.

Samkvæmt öllu ofangreindu hefur PFS ekki í hyggju að breyta út af hefðbundinni málsmeðferð við yfirferð og samþykkt viðmiðunartilboða með þeim hætti að samráð verði einungis haft við þá aðila sem styðja málsstað Símans. Slíkt væri í ósamræmi við skýrt orðalag ofangreindrar 6. gr. laga nr. 69/2003.

#### **4.2 Birting á verðskrá Símans í viðmiðunartilboðunum**

Í framangreindu bréfi Vodafone til PFS, dags. 24. maí 2011, kom fram að PFS hefði með ákvörðun nr. 8/2010 fallist á kröfu Símans um að verð í verðskrá með viðmiðunartilboðum um endursölu- og sýndarnetsaðgang skyldu njóta trúnaðar. Hefði stofnunin m.a. vísað til þess að Síminn og Vodafone hefðu keppt um viðskipti á umræddum heildsölumarkaði í einhverjum mæli og undanþága frá opinberri birtingu verðskrár drægi úr líkum á því að samkeppnisáðilar yrðu samstíga Símanum í verðlagningu. Mætti þannig auka líkur á raunverulegri verðsamkeppni. Að mati Vodafone mætti rifja upp að tilgangur kvaðar um birtingu viðmiðunartilboðs væri að gefa öllum markaðsaðilum kost á að sjá hvað væri í boði og tryggja að fyrirtæki yrðu ekki krafín um greiðslu fyrir þjónustu eða aðstöðu sem væri þeim ekki nauðsynleg. Skilmálar sem giltu fyrir aðgang að netum og þjónustu skiptu máli fyrir samkeppnisstöðu nýrra aðila á markaði enda væri birtu viðmiðunartilboði ætlað að vera grundvöllur undir samningaviðræður sem leiddu af kvöð um aðgang. Kvöð um gagnsæi yrði að skoða í samhengi við kvöð um aðgang og þau meginmarkmið sem byggju að baki álagningu kvaða almennt, þ.e. að efla samkeppni. Ljóst væri að Síminn hefði gert veigamiklar breytingar á viðmiðunartilboðum um endursölu- og sýndarnetsaðgang að því er varðaði verð fyrir aðganginn. Væri því ástæða til að hvetja PFS til að taka til gagn Gerrar endurskoðunar ákvörðun um að heimila trúnað á verðupplýsingum.

Eins og fram kemur í máli Vodafone féllst PFS í ákvörðun nr. 8/2010 á þá kröfu Símans að verð í verðskrá félagsins í viðmiðunartilboðum félagsins um endursölu- og sýndarnetsaðgang nyti trúnaðar. Taldi PFS að gagnsæiskvöð sú sem lögð hefði verið á Símann með ákvörðun PFS nr. 4/2007 næði ekki til birtingu verða sem byggðu á kostnaðargreiningu Símans heldur einungis til þeirra bráðabirgðaverða sem byggðu á

smásölu mínus aðferðafræðinni. Hins vegar bæri Símanum að veita þeim aðilum sem leita eftir aðgangi að farsímaneti Símans upplýsingar um hin kostnaðargreindu verð.

Með vísan til ofangreinds telur PFS sig því ekki geta orðið við umræddri kröfu Vodafone um að skylda Símann til að birta opinberlega hin kostnaðargreindu verð. Þá er PFS ekki sammála því að umrædd tilhögun hafi skert samkeppni þar sem áhugasamir aðilar geta gengið til samninga við Símann sem þarf að birta þeim hin kostnaðargreindu verð. Hins vegar er það ekki sérstaklega í þágu samkeppni á umræddum heildsölumörkuðum að keppinautar eins aðilans hafi aðgang að verðum hans. Auk ofangreinds bendir PFS á það að með ákvörðun PFS nr. 11/2012 frá 30. mars s.l. komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Síminn nyti ekki lengur umtalsverðs markaðsstyrks á markaði 15 og að kvaðir yrðu afléttar á félagið með 6-12 mánaða aðlögunarfresti.

### **4.3 Gildistaka uppfærðra viðmiðunartilboða um endursölu- og sýndarnetsaðgang**

Í bréfi Símans til PFS, dags. 1. apríl 2011, kom fram að umræddar breytingar á viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang hefðu átt sér stað á sama tíma og endanleg útgáfa sýndarnetssamningsins við Tal, þ.e. í janúar 2010. Því hefði hið eldra viðmiðunartilboð sem PFS hafði samþykkt í nóvember 2009 verið fjarlæggt af heimasíðu Símans enda ekki lengur í gildi. Að lokinni undirritun sýndarnetssamningsins hefði afrit hans verið sent PFS til upplýsingar um málavexti. Þar með teldi Síminn að PFS hefði verið upplýst um breytt efni viðmiðunartilboðsins. Síminn harmaði að hin breytta útgáfa viðmiðunartilboðsins hefði ekki verið birt á heimasíðu Símans á sama tíma. Þá hefði Síminn sent PFS samninginn við IMC í desember 2009, en hann hefði verið byggður á sömu forsendum og samningurinn við Tal varðandi skilgreiningu á innankerfissímtölum. PFS hefði gengið sérstaklega eftir því að fá samning Símans við IMC afhentan. Síminn hefði haft réttmætar væntingar til að ætla að samningurinn yrði þá þegar yfirfarinn af PFS og félaginu gert viðvart ef stofnunin teldi hann ekki samræmast lögum eða ákvörðunum PFS. Það hefði PFS ekki gert og hefði Síminn talið að PFS gerði ekki athugasemdir við viðskiptakjör í samningum félagsins um heildsöluaðgang.

Í ákvörðun PFS nr. 4/2007 á markaði 15 kom fram að með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga hefði PFS lagt á Símann kvöð um gagnsæi og að útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir innanlandsreiki, endursölu og sýndarnet. Þá kom fram að ef viðmiðunartilboð Símans væri ekki talið fullnægjandi fyrir markaðinn gæti PFS mælt fyrir um breytingar á því í samræmi við 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Ennfremur að nauðsynlegt væri að Síminn sendi PFS alla samninga sem gerðir væru um aðgang, auk þess að tilkynna allar breytingar sem gerðar væru á samningsskilyrðum innan ákveðins frests. Afrit af undirrituðum samningi sem byggði á viðmiðunartilboði skyldi senda PFS í því formi sem hann væri og eigi síðar en viku eftir undirritun hans. Breytingar á samningnum skyldi einnig tilkynna með þeim hætti *að fram kæmi greinilega hverjar og hvar þær væru*.

Með ákvörðun PFS nr. 20/2009<sup>4</sup>, frá 26. nóvember 2009, tók PFS ákvörðun um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðs um sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans. Umrætt

<sup>4</sup> Sambærileg breyting var gerð á viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang með ákvörðun PFS nr. 19/2009 þennan sama dag.



viðmiðunartilboð gerði ráð fyrir að innankerfissímtal væri símtal sem ætti sér upphaf og endi í sýndarneti viðsemjanda. Í ofangreindri ákvörðun var gerð grein fyrir þeim skilmálum viðmiðunartilboðs Símans sem PFS sá ástæðu til að gera athugasemdir við og mæla fyrir um breytingar á, í þeim tilgangi að viðmiðunartilboðið yrði í fullu samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og álagðar kvaðir skv. ákvörðun PFS nr. 4/2007. Meðal ákvæða sem PFS breytti í upphaflegu viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang var ákvæði 1.4 er varðar breytingar á samningi. Skyldi ákvæðið hljóða svo:

*„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um sýndarnetsaðgang milli Símans og viðsemjenda hans.*

*Geti viðsemjandi Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs/samnings um sýndarnetsaðgang til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang“ á vef sínum.“*

Í hinu uppfærða viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang, sem PFS er með til meðferðar samhliða máli þessu, hefur Síminn breytt skilgreiningu á innankerfissímtali þannig að um er að ræða öll símtöl sem eiga sér upphaf og lúkningu í farsímakerfi Símans, þ.á.m. símtöl á milli Símans og viðsemjanda. Þá hefur Síminn breytt skilgreiningu á lúkningu á þann hátt að um sé að ræða símtal sem á sér upphaf í öðru fjarskiptaneti en farsímaneti Símans og lokið er í sýndarneti viðsemjanda, en ekki símtal sem ætti sér upphaf í öðru fjarskiptaneti (þ.m.t. neti Símans) og lokið væri í sýndarneti viðsemjanda, eins og hið upprunalega viðmiðunartilboð gerði ráð fyrir. Eins og fram kemur í kafla 4.5.6 í bréfi PFS til málsaðila, dags. 21. mars 2012, í máli er varðar meint brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði 7 telur PFS að slíkt sé í ósamræmi við ákvarðanir PFS nr. 18/2010 og 3/2012 á markaði 7, 4/2007 á markaði 15 og 20/2009 um breytingar á viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang, ásamt því að vera í ósamræmi við viðurkennd sjónarmið um mörk hinna ýmsu tegunda heildsöluáðgangs að farsímanetum, sérstaklega að því er varðar muninn á sýndarnetsaðgangi og endursöluáðgangi.

Það er rétt hjá Símanum að félagið hafi sent PFS svokallaðan reikisamning á milli Símans og IMC frá nóvember 2009 í desember það ár. Samningurinn var sendur með tölvupósti til starfsmanns PFS, að hans beiðni, í tengslum við gagnaöflun og undirbúning stofnunarinnar að greiningu á markaði 15. Þegar PFS hefur vinnu við markaðsgreiningar er ýmissa gagna og upplýsinga aflað, en nákvæm skoðun á umræddum gögnum getur farið fram mun síðar. Markaðsgreiningar eru viðvarandi langtímaverkefni sem geta tekið allt að 2-3 ár í vinnslu. Umræddur samningur um innanlandsreiki bar ekki með sér að vera ígildi samnings um sýndarnetsaðgang eða jafnvel endursöluáðgang eins og PFS er á nú, en PFS mun fjalla um umræddan samning Símans og IMC í sérstöku máli. Það er hins vegar ekki rétt hjá Símanum að félagið hafi sent PFS afrit af sýndarnetsamningi Símans og Tals í janúar 2010 með upplýsingum um málavexti. PFS fékk umræddan samning ekki afhentan fyrr en í tölvupósti þann 23. júní 2010 að beiðni stofnunarinnar. Var það ennfremur gert sem liður í gagnaöflun vegna markaðsgreiningar á markaði 15. Vinna við umrædda markaðsgreiningu fór síðan á skrið á seinni hluta ársins 2010.

Eins og fram hefur komið í máli Símans segist félagið hafa breytt framangreindum viðmiðunartilboðum um endursölu- og sýndarnetsaðgang sem PFS hafði samþykkt á sama tíma og samningurinn við Tal var undirritaður í byrjun janúar 2010, eða aðeins rúmum mánuði eftir að PFS hafði samþykkt hin upprunalegu viðmiðunartilboð í lok nóvember 2009. Umræddum tölvupóstum Símans til PFS fylgdu ekki neinar ábendingar um eða lýsingar á umræddum breytingum á skilgreiningu innankerfissímtala, en samkvæmt ofangreindri gagnsæiskvöð í ákvörðun PFS nr. 4/2007 bar að tilkynnta PFS slíkt með greinilegum hætti. Sýndarnetssamningurinn var merktur sem „Útgáfa 1.2–A 01.01.2010“ með sama hætti og viðmiðunartilboðið sem birt var á vef Símans í kjölfar ákvörðunar PFS nr. 20/2009 í nóvember 2009. Þar að auki birti Síminn ekki hið uppfærða viðmiðunartilboð á vefsíðu sinni eins og skylt var að gera. Þá fór Síminn ekki eftir skýru ákvæði kafla 1.4 í hinu upprunalega viðmiðunartilboði um breytingar á viðmiðunartilboði sem kveður á um framangreinda 3ja mánaða reglu. Bendir þetta til þess að Síminn hafi fremur reynt að dylja umræddar breytingar en að kynna þær markaðsaðilum og PFS með skýrum og fullnægjandi hætti í samræmi við skýra skyldu sem hvíldi á Símanum þar að lútandi samkvæmt framangreindum ákvörðunum PFS nr. 4/2007, 19/2009 og 20/2009.

Að ofangreindu virtu er útilokað að mati PFS að Síminn hafi verið í góðri trú eða haft lögmætar væntingar um að PFS hefði með þögn sinni lagt blessun sína á umræddar breytingar. Það var ekki fyrr en haustið 2010 sem Nova ýjar að því að pottur kunni að vera brotinn í samningum á milli Vodafone og Tals og svo í kvörtun Vodafone til PFS í byrjun febrúar 2011 sem PFS fær sérstakt tilefni til að hefja könnun á umræddri breytingu á skilgreiningum innankerfissímtala og lúkningar. Með bréfi Símans til PFS, dags. 7. mars 2011, viðurkennir Síminn að hafa gert umræddar breytingar. Með bréfi PFS til Símans, dags. 10. mars s.á., var Símanum gert að skýra ítarlega frá öllum þeim breytingum sem félagið hafði gert á gildandi viðmiðunartilboðum um endursölu- og sýndarnetsaðgang og rökstyðja þær. Svar Símans, með umbeðnum skýringum og rökstuðningi, barst PFS með bréfi þann 1. apríl 2011.

Með bréfi PFS til Símans, dags. 6. apríl 2011, bárust félaginu viðbrögð stofnunarinnar vegna ofangreinds svarbréfs Símans varðandi uppfærslu viðmiðunartilboðs fyrir sýndarnetsaðgang. Fram kom að í ákvörðunum PFS nr. 19 og 20/2009 hefði PFS gert breytingar á viðmiðunartilboðum Símanum um endursölu- og sýndarnetsaðgang að því er varðaði ákvæði um breytingar á viðmiðunartilboðunum. Eftir þá breytingu væri kveðið á um það að nýtt viðmiðunartilboð skyldi birt til kynningar og sent viðsemjanda og PFS að minnsta kosti 3 mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tæki viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um sýndarnetsaðgang milli Símans og viðsemjanda félagsins. Þá skyldi Síminn birta viðmiðunartilboð á vef sínum. Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga gæti PFS kveðið á um breytingar á viðmiðunartilboði. Því væri ljóst að hefði Síminn í hyggju að breyta viðmiðunartilboðum sínum kallaði það á nánar tiltekna málsmeðferð. Umræddur þriggja mánaða frestur væri hugsaður til að PFS gæti efnt til samráðs um hið breytta viðmiðunartilboð áður en endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir um hugsanlegar breytingar. Þar sem Síminn hefði ekki tilkynnt PFS um umræddar breytingar með lögformlegum hætti liti PFS svo á að viðmiðunartilboð um endursölu- og sýndarnetsaðgang sem PFS samþykkti með ákvörðun nr. 20/2009 væri ennþá í fullu gildi. Síminn hefði ekki fyrr en í umræddu bréfi frá 1. apríl 2011 lagt fyrir PFS kynningu á fyrirhuguðum breytingum á umræddum viðmiðunartilboðum.

Í bréfi Símanum til PFS, dags. 12. apríl 2011, hélt félagið því fram að umræddur 3ja mánaða frestur hefði byrjað að líða þann 23. júní 2011 og því verið liðinn þann 23. september sama ár. Áskilnaði PFS um 3ja mánaða frestinn hefði því verið fullnægt í síðasta lagi þann 23. september 2011. Í ofangreindu bréfi komu auk þessa fram þau sjónarmið hjá Símanum að umrædd 3ja mánaða regla ætti sér ekki stoð í lögum né ákvörðunum PFS.

Samkvæmt ofangreindu bar Símanum að tilkynna PFS með formlegum og nánar tilgreindum hætti um breytingar á viðmiðunartilboðum um endursölu- og sýndarnetsaðgang þremur mánuðum áður en þau tækju gildi, sbr. skýr fyrirmæli þar um í ákvörðunum PFS nr. 4/2007, 19/2009 og 20/2009. Það er fyrirhuguð afstaða PFS að Síminn hafi ekki uppfyllt lögformlega skyldu sína varðandi umrædda tilkynningu fyrr en með bréfi sínu til PFS þann 1. apríl 2011. Hin uppfærðu viðmiðunartilboð gátu því í fyrsta lagi tekið gildi frá og með 1. júlí 2011. PFS telur á hinn bóginn að einhliða breyting Símanum á skilgreiningum innankerfissímtals og lúkningar í viðmiðunartilboði sínu um sýndarnetsaðgang, sem kollvarpar áðurgildandi og hefðbundnum skilgreiningum á innankerfissímtali og lúkningu, rými ekki brott skýrri jafnræðiskvöð sem gildir á Símanum á markaði 7 samkvæmt ákvörðunum PFS nr. 18/2010 og 3/2012. Við mat á jafnræðiskvöðinni á markaði 7 hyggst PFS því leggja til grundvallar hefðbundnar skilgreiningar á umræddum hugtökum en ekki hinar breyttu skilgreiningar Símanum sem í raun gerir það að verkum að eðli sýndarnetsaðgangs er breytt í endursöluaðgang. Hins vegar er það mat PFS að allar aðrar breytingar á viðmiðunartilboðum Símanum um endursölu- og sýndarnetsaðgang hafi tekið gildi frá og með 1. júlí 2011, en þær breytingar varða útfærslu á endursölu- og sýndarnetsþjónustu en kollvarpa ekki sýndarnetsaðgangsforminu eins og framangreind breyting á skilgreiningum innankerfissímtals og lúkningar gerir.

#### ***4.4 Breytingar PFS á viðmiðunartilboði um sýndarnetsaðgang***

##### **4.4.1 Almenn**

Í seinna andmælabréfi sínu, dags. 4. maí 2012, kvað Síminn það skilning sinn að viðmiðunartilboð væri í eðli sínu alltaf til viðmiðunar og því ætti að vera heimilt að koma til móts við þarfir hvers og eins viðsemjanda enda gæti uppsetning þeirra og starfsemi kallað á breytingar sem ekki hentuðu öllum. Ákveðinn sveigjanleiki væri nauðsynlegur til þess að geta aðlagð samninga í samræmi við hvert tilfelli fyrir sig. Því gæti of ströng formfesta vegna viðmiðunartilboðsins einnig verið skaðleg fyrir viðsemjanda Símanum. Samningur sem Síminn gerði á grundvelli viðmiðunartilboðsins væri samningur milli tveggja aðila á grundvelli samningaviðræðna beggja. Þannig væru breytingar ekki einhliða tillögur Símanum heldur niðurstaða af slíkum viðræðum. Teldi Síminn að í hinni boðuðu ákvörðun PFS væri lögð of mikil áhersla á það að Síminn hefði einhliða breytt viðmiðunartilboðinu. Að mati Símanum væri það ekki alls kostar rétt enda væri í eðli sínu ekki gerð breyting á viðmiðunartilboðinu heldur væri gerður viðskiptasamningur við Tal þar sem Síminn teldi sig vera að koma til móts við þarfir Tals og teldi sig hafa ákveðið svigrúm til þess að semja við félagið.

PFS er sammála Símanum varðandi það að þarfir hinna ýmsu viðsemjanda Símanum sem óska eftir aðgang að farsímaneti Símanum geti verið mismunandi. T.d. getur verið misjafnt hve mikinn aðgang og virðisaukandi þjónustu viðsemjendur óska eftir og greiða þar með fyrir. Símanum er heimilt að víkja frá orðalagi gildandi viðmiðunartilboðs varðandi atriði sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér. Síminn verður í hvítvetna að gæta að því að uppfylla þá

jafnræðiskvöð sem á félaginu hvílir á markaði 15. Til að mynda telur PFS það af og frá að Síminn geti eftir eigin geðþótta ákveðið hvaða gjöld einstök fyrirtæki þurfi að greiða. Innheimta ber sambærileg gjöld af öllum viðsemjendum fyrir sambærilega þjónustu.

Þá kom fram í ofangreindu andmælabréfi Símans að fyrir fyrirtæki sem væri starfandi á kerfum Símans væri það forsenda fyrir rekstri að leynd hvíldi yfir fyrirkomulagi sammings. Aðilar líkt og Nova og Vodafone, sem hefðu núna fengið nánast allar upplýsingar sem hugsast gæti um samning Símans og Tals, gætu hagað þjónustu sinni þannig að það yrði ókleift fyrir viðskiptavinum Símans í heildsölu að keppa við umrædd fyrirtæki.

Viðsemjendur Símans eiga að geta að treyst því að heildsölusamningar þeirra aðila sem aðgang hafa að farsímakerfi Símans séu í grunninn sambærilegir, sérstaklega að því er alla gjaldtöku varðar. Vegna eðlis þess ágreiningsmáls sem hér er til umfjöllunar, svo og þess ágreiningsmáls sem leitt var til lykta með ákvörðun PFS nr. 13/2012, var óhjákvæmilegt að geta um hin ýmsu atriði í sýndarnetssamningi Símans og Tals til að gefa öðrum markaðsaðilum tækifæri til að tjá sig um meint brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði 15 og fyrirhugaðar breytingar PFS á viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetssamning.

Í köflum 4.4.2 – 4.4.30 hér að neðan verður undir viðkomandi liðum gerð grein fyrir breytingum þeim sem PFS mælir fyrir um að Síminn geri á viðmiðunartilboði því um sýndarnetsaðgang sem PFS samþykkti með ákvörðun nr. 20/2009 þann 26. nóvember 2009, til samræmis við sýndarnetssamning Símans og Tals frá 8. janúar 2010. Í kafla 4.5 hér að neðan verður síðan fjallað um þær breytingar sem PFS gerir á viðmiðunartilboði Símans um endursöluaðgang sem PFS samþykkti með ákvörðun nr. 19/2009 þann sama dag.

#### **4.4.2 Skilgreining á „innannetssímtali“**

Hugtakið „*innannetssímtal*“ var í grein 1.5 í hinu upprunalega viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang skilgreint sem símtal sem ætti sér upphaf og endi í sýndarneti viðsemjanda. Í hinni uppfærðu útgáfu Símans frá janúar 2010 var hugtakið skilgreint sem öll símtöl sem ættu sér upphaf og lúkningu á farsímakerfi Símans, þ.m.t. símtal á milli Símans og viðsemjanda.

Í bréfi PFS til málsaðila, dags. 21. mars 2012, í máli 11-02-33 er varðar meint brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði 7, boðaði stofnunin þá afstöðu sína að hin breytta skilgreining Símans stæðist ekki. Nú liggur fyrir ákvörðun í því máli, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2012. Er vísað til ítarlegs rökstuðnings PFS þar að lútandi í köflum 4.4 og 4.5 í umræddri ákvörðun þessu til stuðnings.

Að framangreindu virtu leggur PFS það fyrir Símann að breyta skilgreiningu á innannetssímtali í cc-lið greinar 1.5 í viðmiðunartilboði félagsins um sýndarnetsaðgang í fyrra horf og skal það hljóða svo:

***Innannetssímtal:** Símtal sem á sér upphaf og endi í sýndarneti viðsemjanda.*

#### **4.4.3 Skilgreining á „lúkningu símtals“**

Hugtakið „*lúkning*“ var í grein 1.5 í hinu upprunalega viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang skilgreint sem símtal sem ætti upphaf í öðru fjarskiptaneti en væri lokið í

sýndarneti viðsemjanda. Í hinni uppfærðu útgáfu Símans frá janúar 2010 var hugtakið skilgreint sem símtal sem ætti upphaf í öðru fjarskiptaneti en fjarskiptaneti Símans en væri lokið í sýndarneti viðsemjanda.

Í bréfi PFS til málsaðila, dags. 21. mars 2012, í máli 11-02-33 er varðar meint brot Símans á jafnræðiskvöð á markaði 7, boðaði stofnunin þá afstöðu sína að hin breytta skilgreining Símans á innannetssímtali stæðist ekki. Nú liggur fyrir ákvörðun í því máli, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2012. Er vísað til ítarlegs rökstuðnings PFS þar að lútandi í köflum 4.4 og 4.5 í umræddri ákvörðun þessu til stuðnings. Af þessu leiðir að breyting Símans á hugtakinu lúkning stenst ekki heldur.

Að framangreindu virtu leggur PFS það fyrir Símann að breyta skilgreiningu á lúkningu í ee-lið greinar 1.5 í viðmiðunartilboði félagsins um sýndarnetsaðgang í fyrra horf og skal það hljóða svo:

*Lúkning símtals: Símtal sem á upphaf í öðru fjarskiptaneti en er lokið í sýndarneti viðsemjanda. Símtal sem er lokið í sýndarneti viðsemjanda er gjaldfært samkvæmt gjaldskrá viðsemjanda fyrir lúkningu hverju sinni.*

#### **4.4.4 Gjaldfærsla símtala**

Í 1. mgr. greinar 5.1.2 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang og í sýndarnetssamningi félagsins við Tal kemur fram að Síminn innheimti fyrir öll innannetssímtöl viðsemjanda, auk þess sem gjaldfært sé fyrir upphaf og lúkningu símtala í sýndarneti viðsemjanda. Í 2. mgr. umræddrar greinar í hinu upprunalega viðmiðunartilboði kom fram að gjaldtakan fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet skyldi vera í samræmi við heilðsöluverðskrá hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja, þ.m.t. Símans. Orðin „þ.m.t. Símans“ hafa svo verið afmáð í hinu uppfærða viðmiðunartilboði og í sýndarnetssamningnum.

Í samræmi við þær breytingar á hugtökunum „innannetssímtal“ og „lúkning símtala“ sem PFS leggur til í köflum 4.4.2 og 4.4.3 hér að ofan ber að færa umrætt ákvæði til fyrra horfs. Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. greinar 5.1.2 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang skal því hljóða svo:

*Gjaldtakan fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet er í samræmi við heilðsöluverðskrá hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja, þ.m.t. Símans.*

#### **4.4.5 Markaðsstuðningur**

Í grein 4 í viðauka 1 (verðskrá) við hið uppfærða viðmiðunartilboð og í sýndarnetssamningi Símans við Tal hefur verið bætt við neðangreindu ákvæði um markaðsstuðning sem ekki var að finna í hinu upprunalega viðmiðunartilboði. Hljóðar ákvæðið svo:

*Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram jafn háa upphæð á móti, allt að [...] kr. árlega.*

*Frekari útfærsla á þátttöku í markaðsstyrk er tilgreind í viðauka 10.*



verð og tekið þannig til sín allan heildsölumarkað á landinu. Vodafone hefði skoðað hvort að fordæmi væru fyrir sambærilegu á Norðurlöndunum en teldi að aðstæður á þeim mörkuðum, t.d. í Danmörku, væru gjörólíkar og því ekki hægt að bera þær saman.

Eins og fram hefur komið hér að ofan hefur Síminn í sýndarnetssamningi sínum við Tal samið um markaðsstuðning sem getur verið að fjárhæð [...] kr. á ári eftir umfangi. Því er um eins konar magnafslátt að ræða en ströng skilyrði eru fyrir greiðslu styrksins, þ.e. að hann eigi að nota til markaðsstarfsemi og að önnur eins fjárhæð komi frá viðkomandi viðsemjanda sem ennfremur ber að nota til slíkrar markaðsstarfsemi. Eins og fram kom í hinni boðuðu ákvörðun taldi PFS að umræddur styrkur væri innan eðlilegra marka og að mikilvægt væri að hann stæði öllum til boða til að jafnræðiskvaðar Símans væri gætt. PFS telur að styrkur sem þessi geti stuðlað að aukinni innkomu nýrra aðila og aukinnar samkeppni á smásölumarkaði. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að Vodafone eða aðrir netrekendur veiti sambærilega markaðsstyrki. PFS fær því ekki séð að samkeppni netrekenda sé ógnað á markaði 15 eins og Vodafone ýjar að.

PFS telur því að það séu málefnalegar ástæður fyrir því að Síminn bjóði magnafslátt í þessu formi, m.a. vegna þeirrar stærðarhagkvæmni sem aukin umferð sýndarnetsaðila stuðlar að í farsímaneti Símans. Aukin umferð felur í sér bætta nýtingu fjárfestingar í farsímaneti Símans og stuðlar að aukinni hagkvæmni í rekstri þess, sem lækkar einingarkostnað Símans. PFS bendir einnig á að þó að markaðsstyrkur miðist við [...] þá má ekki eingöngu horfa til þeirra þegar metin eru áhrif styrksins á kostnaðargreind einingarverð eins og Vodafone gerir. Viðskipti viðsemjanda og Símans, sem hýsir sýndarnet viðsemjanda, fela einnig í sér innankerfissímtöl og lúkningu símtala, auk annarrar þjónustu Símans við viðsemjanda sem taka þarf tillit til þegar metinn er kostnaður af markaðsstyrknum á einstök einingarverð.

Til að koma til móts við athugasemdir Vodafone telur PFS þó rétt að takmarka gildistíma umrædds markaðsstuðnings. PFS telur eðlilegt að slíkur styrkur sé aðeins veittur sýndarnetsaðila í 3 ár og í 2 ár til endursöluaðila. Eftir þessar breytingar telur PFS að markaðsstuðningur sem þessi brjóti ekki í bága við kvöð um eftirlit með gjaldskrá á Símann á markaði 15, sérstaklega þegar horft er til þess að styrkurinn er innan eðlilegra marka sem gera mætti til magnafslátta, auk þess sem styrkur þessi er í raun skilyrtur magnafsláttur. Ekki er því unnt að líta svo á að styrkur þessi eða afsláttur feli í sér niðurgreiðslu á mínútuverði í farsímanetum Símans sem færi þannig niður fyrir kostnaðargreind verð eins og Vodafone heldur fram. Styrkur þessi fer samkvæmt ofangreindu ekki gegn tilgangi kvaða um sýndarnetsaðgang og er ekki fordæmisgefandi varðandi aðra fjarskiptamarkaði. Skoða verður hvern markað fyrir sig. Þess má þó geta að PFS hefur iðulega heimilað hæfilega magnafslætti sem byggjast á kostnaðartengdum forsendum.

Að ofangreindu virtu mælir PFS því fyrir um það að ákvæði 4. gr. viðauka 1 við viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang hljóði svo:

*Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram jafn háa upphæð á mót, allt að [...] kr. árlega í allt að 3 ár.*

*Frekari útfærsla á þátttöku í markaðsstyrk er tilgreind í viðauka 10.*





Í hinni uppfærðu útgáfu viðmiðunartilboðsins hljóðaði ákvæðið svo:

<i>Tilkynningar um staðsetningu SIM korts</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>Árgjald pr. SIM kort</i>	<i>[...] kr.</i>

Fram kom í máli Símans að verð samkvæmt eldra viðmiðunartilboði Símans væru þau verð sem Síminn hafði lagt upp með á grundvelli kostnaðargreiningar sinnar. Verð samkvæmt hinu uppfærða viðmiðunartilboði væru hins vegar þau verð sem PFS hefði kveðið á um í ákvörðun sinni nr. 8/2010.

Samkvæmt öllu ofangreindu skal ákvæði greinar 2.2 í viðauka 1 með viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang hljóða svo:

<i>Tilkynningar um staðsetningu SIM korts</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>Gagnaflutningur pr. SIM kort</i>	<i>[...] kr.</i>

#### **4.4.8 Notkunargjöld fyrir tal, SMS og gögn**

Í ákvörðun PFS nr. 8/2010 samþykkti stofnunin notkunargjöld fyrir tal, SMS og gögn. Ákvæði hins uppfærða viðmiðunartilboðs er að mestu leyti í samræmi við niðurstöðu PFS. Að ofangreindu virtu skal grein 2.3 um notkunargjöld fyrir tal, SMS og gögn í viðauka 1 við viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang hljóða svo:

<b>Verð</b>	
<i>Upphafsgjald pr. mínútu</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>Innankerfisgjald pr. mínútu</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>SMS upphafsgjald pr. skeyti</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>MMS upphafsgjald pr. skeyti</i>	<i>[...] kr. *</i>
<i>GPRS pr. Mbyte</i>	<i>[...] kr.</i>

\* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

#### **4.4.9 Önnur gjöld**

Neðangreint ákvæði sem ber heitið „önnur gjöld“ skal vera í grein 2.4 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang:

<i>Athugun á inneign á Frelsi pr. mín eða SMS</i>	<i>[...] kr.</i>
<i>Verð pr. SIM kort</i>	<i>[...] EUR</i>

#### **4.4.10 Afsláttur**

Í grein 2.4 í sýndarnetssamningnum væri ákvæði um afslátt fyrir tal. Þar væri kveðið á um stigvaxandi afslátt, sbr. neðangreint:

<b><i>Originated mínútur á ári</i></b>	<b><i>Afsláttur %</i></b>
<i>&gt; [...]</i>	<i>[...]</i>
<i>&gt; [...]</i>	<i>[...]</i>
<i>&gt; [...]</i>	<i>[...]</i>

*Afsláttur fyrir hæsta afsláttarflokk gildi fyrir alla lægri flokka, þ.e. [...] afsláttur gildir fyrir allar [...] mínútur. [...] afsláttur er hæsti afsláttur sem er í boði.*

Síminn tók fram að í kjölfar yfirferðar PFS á kostnaðargreindum verðum Símans með ákvörðun PFS nr. 8/2010 hefði verðlagningu á grundvelli orðalags samningsins verið breytt og ofangreindur afsláttur afnuminn. Hann hefði því aldrei verið innheimtur.

Að ofangreindu virtu telur PFS ekki ástæðu til að kveða á um að ákvæði um afslátt verði bætt við hið uppfærða viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang. Á hinn bóginn telur PFS að það geti verið málefnalegar ástæður fyrir því að bjóða magnafslætti, m.a. vegna stærðarhagkvæmni sem aukin umferð sýndarnetsaðila stuðlar að í farsímaneti Símans. Aukin umferð ætti undir eðlilegum kringumstæðum að stuðla að aukinni hagkvæmni í fjárfestingu og rekstri farsímanets Símans. PFS telur afslætti á bilinu 5-15%, í því samhengi sem Síminn setur þá fram, innan hæfilega marka. Slíkir afslættir þyrftu þó að byggjast á kostnaðarlegum forsendum og bjóðast öllum viðsemjendum, að fengnu samþykki PFS.

#### **4.4.11 Gjöld fyrir símtöl á milli viðsemjanda**

Í grein 3 í viðauka 1 við hið uppfærða viðmiðunartilboð og í sýndarnetssamningi Símans og Tals er fjallað um símtöl á milli viðskiptavina viðsemjanda. Þar kemur eftirfarandi fram:

*Fyrir símtöl sem hringd eru til viðskiptavina viðsemjanda og er lokið í farsímakerfi Símans, greiðir viðsemjandi kr. [...] kr. pr. mínútu. Ef Póst- og fjarskiptastofnun lækkar lúkningarverð Símans undir [...] kr. pr. mínútu mun viðsemjandi njóta þess.*

*Símtöl frá viðskiptavinum Símans til viðskiptavina viðsemjanda í farsímadreifikerfi Símans eru innankertifissímtöl og því er ekki greidd lúkning til viðsemjanda vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankertifissímtöl, sbr. gr. 2.3.*

*Símtöl frá viðskiptavinum viðsemjanda sem eru á farsímaneti Símans til farsíma viðskiptavina Símans eru innankertifissímtöl og er því ekki greidd lúkning til Símans vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankertifissímtöl, sbr. gr. 2.3.*

Í niðurlagi umræddrar greinar í sýndarnetssamningnum er að finna neðangreinda töflu í dæmaskyni sem ekki er að finna í viðmiðunartilboðinu:

[...]

Fram kom í máli Símans að ofangreind tafla væri eingöngu sett fram í dæmaskyni. Byggði hvorugur aðili rétt á henni. Í samningi Símans og Tals væri kveðið á um hlutdeildarskiptingu vegna lúkningar símtala sem bærust til viðskiptavina gagnaðila í kerfi Símans. Í viðmiðunartilboðinu hefði ekki verið kveðið á um slíka hlutdeildarskiptingu. Ítrekað skyldi að ekki væri verið að greiða niður lúkningu með þessum hætti, heldur væri ávinningi af lúkningunni einfaldlega deilt milli samningsaðila. Þá skyldi ítrekað að öllum samkeppnisaðilum stæði til boða sams konar samkomulag. Viðmiðunartilboð [...] innhéldi álíka ákvæði um hlutdeildarskiptingu.

Í boðunarbréfi PFS, dags. 18. apríl s.l., kom fram að þar sem PFS hefði í hyggju að hafna því að símtöl á milli viðskiptavina Tals í sýndarneti félagsins væru innankertifissímtöl í farsímakerfi

Símans hefði PFS í hyggju að afnema seinni tvær málsgreinar framangreinds ákvæðis í grein 3 í viðauka 1 og breyta krónutölunni [...] kr. pr. mínútu í [...] kr. í fyrstu málsgreininni.

Í seinna andmælabréfi sínu, dags. 4. maí s.l., gerði Síminn athugasemdir við hina boðuðu ákvörðun PFS að þessu leyti. Síminn teldi hugsanlegt að einhvers misskilnings gætti í umfjöllun PFS. Að mati Símans yrði að gera skýran greinarmun á milli símtala til viðsemjanda sem endaði í neti Símans (markaður 15) og símtala sem lokið væri í neti Símans (markaður 7). Þjónusta sem fæli í sér lúkningu í kerfi Símans vegna símtals í viðskiptavin viðsemjanda heyrði undir markað 15 en þjónusta sem fæli í sér að Síminn veitti aðgang að kerfi sínu til þess að viðskiptavinir viðsemjanda gætu hringt í viðskiptavini Símans féllu undir markað 7. Í ljósi þess hve mikill ágreiningur hefði verið um þessi atriði í gegnum tíðina væri áriðandi að skýr skil væru gerð á milli mismunandi þjónustu þannig að enginn vafi léki á því að ekki væri um sömu þjónustu að ræða. Sem dæmi mætti nefna að ef PFS tæki ákvörðun um að lækka verð fyrir lúkningu á markaði 7 út frá verðsamanburði myndi slík ákvörðun enga þýðingu hafa á markaði 15.

PFS telur ekki að umrædd athugasemd hafi áhrif á hina boðuðu afstöðu PFS í þessum lið. Sá texti sem PFS setur fram er samskonar og í fyrstu málsgrein Símans um símtöl sem eiga sér upphaf í öðru fjarskiptaneti og lokið er í sýndarneti viðsemjanda. Í þeim tilvikum felur þjónusta Símans í sér lúkningu í sýndarneti viðsemjanda og tilheyrir sú þjónusta markaði 15 sem hér er fjallað um. PFS er sammála Símanum um að framangreindri lúkningarþjónustu megi ekki blanda saman við lúkningu í einstökum farsímanetum samkvæmt skilgreiningu á markaði 7.

Ákvæði 3. gr. viðauka 1 við viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang skal hljóða svo:

*Fyrir símtöl sem hringd eru til viðskiptavina viðsemjenda og er lokið í farsímakerfi Símans, greiðir viðsemjandi kr. [...] kr. pr. mínútu fyrir lúkningarþjónustu Símans. Ef Póst- og fjarskiptastofnun lækkar lúkningarverð Símans undir [...] kr. pr. mínútu mun viðsemjandi njóta þess.*

#### **4.4.12 Gjöld fyrir viðbótarþjónustu**

Í grein 5 í viðauka 1 við viðmiðunartilboðið er að finna eftirfarandi ákvæði um viðbótarþjónustu:

*Viðsemjanda er heimilt að óska eftir viðbótar afurðum/þjónustu frá Símanum. Í slíkum tilvikum þarf að semja sérstaklega um greiðslu kostnaðar.*

Í sýndarnetssamningi Símans og Tals var bætt við setningunni: „Þó er ekki innheimtur af hálfu Símans neinn kostnaður vegna innleiðingar samnings þessa.“ Í máli Símans kom fram að Tal hefði við undirritun samningsins lagt fram áætlanir um að koma með [...] viðskiptavini sína inn á kerfi Símans fyrir mitt ár [...]. Af hálfu Símans hefði verið litið svo á að tekjur af þessum fjölda viðskiptavina sem bærust vegna notkunar á kerfi Símans réttlætti brottfall ofangreinds ákvæðis.

Í framangreindu boðunarbréfi PFS, dags. 18. apríl. s.l., kom fram að PFS gæti ekki fallist á réttlætingu Símans fyrir umræddri mismunun, þar sem ekki hefði verið gert ráð fyrir slíku í kostnaðargreiningu þeirri sem PFS samþykkti með ákvörðun nr. 8/2010. PFS hefði því í hyggju

að bæta við setningu við umrædda 5. gr. viðauka 1 þess efnis að ekki væri innheimtur neinn kostnaður vegna innleiðingar samnings þessa af hálfu Símans.

Í seinna andmælabréfi Símans, dags. 4. maí s.l., mótmælti Síminn því að PFS legði þá kvöð á Símann að félagið innheimti ekki gjöld vegna innleiðingar. Um umtalsverðan kostnað gæti verið að ræða. Aðilar gætu verið mismunandi og kerfi þeirra ólík. Þannig gæti kostnaður við innleiðingu vegna fyrirtækis sem væri að hefja rekstur frá grunni verið umtalsverður og falið í sér mikla vinnu fyrir Símann. Yrði Síminn látinn bera þann kostnað í stað þess aðila sem óskaði eftir breytingum þá blasti við að Síminn þyrfti að hækka verðlagningu vegna þessa aðila. Í reynd fæli þetta í sér að innkoma nýrra aðila væri fjármögnuð af keppinautunum (sem störfuðu á kerfi Símans) eða viðskiptavinum Símans. Teldi Síminn því óeðlilegt að leggja þá skyldu á Símann að fjármagna breytingar sem aðrir gerðu kröfu um og hvað þá að fjármagna innkomu nýrra aðila. Ef innkoman misheppnaðist þá væri það Síminn sem sæti uppi með kostnaðinn og gæti það haft verulegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Símann og skert samkeppnishæfni félagsins. Hins vegar teldi Síminn að það ætti að vera heimilt að falla frá slíkum kostnaði ef aðstæður réttlættu. Það væri einfaldlega útilokað að sjá fyrir allar mögulegar aðstæður sem gætu komið upp við innleiðingar á nýjum aðila og því væri óhugsandi að leggja afdráttarlausu kvöð á Símann að innheimta ekki kostnað vegna innleiðingar samnings.

Þar sem skýr jafnræðiskvöð gildir á Símanum á markaði 15 er félaginu óheimilt að fella svokallaðan innleiðingarkostnað niður gagnvart einum aðila en innheimta hann gagnvart öðrum, svo framarlega sem um sambærilegan kostnað er að ræða. Síminn hefur bersýnilega í samningum sínum við Tal talið sér fært að fella umræddan kostnað niður. Hins vegar getur PFS fallist á það með Símanum að kostnaður vegna nýs aðila geti verið hærri en rótgrónari aðila eins og Tals. Því telur PFS eðlilegt að meginreglan verði sú að Síminn innheimti ekki umræddan kostnað en að PFS geti þó veitt Símanum heimild til að innheimta innleiðingarkostnað sem er umfram þá kostnaðarliði sem Tal fékk fellda niður.

PFS mælir því fyrir um að ákvæði 5. gr. í viðauka 1 hljóði svo:

*Viðsemjanda er heimilt að óska eftir viðbótar afurðum/þjónustu frá Símanum. Í slíkum tilvikum þarf að semja sérstaklega um greiðslu kostnaðar. Þó er ekki innheimtur af hálfu Símans neinn kostnaður vegna innleiðingar samnings þessa, nema með sérstöku samþykki PFS. Slíkt getur átt við um þá kostnaðarliði sem er umfram þá liði sem Síminn hefur í framkvæmd ekki innheimt fyrir.*

#### **4.4.13 Gjöld vegna útlandasímtala**

Í hinni uppfærðu útgáfu viðmiðunartilboðs Símans um sýndarnetsaðgang bættist við svohljóðandi ákvæði um útlandasímtöl í 7. gr. viðauka 1:

*Ef viðsemjandi óskar eftir aðgangi að útlandasímtölum taka verð mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma. Skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsemjanda með a.m.k. 40 daga fyrirvara, nema óhjákvæmilegt sé að tilkynna um verðbreytingarnar með styttri fyrirvara. Skal Síminn þá sýna fram á nauðsyn þess á sannanlegan hátt, sbr. skilmála 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu.*

Í sömu grein sýndarnetssamnings Símans og Tals er hins vegar að finna eftirfarandi ákvæði um sama atriði:

*Verð fyrir útlendasímtöl taka mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma. Heildsöluverðskrá Símans fyrir útlendasímtöl gilda í þessum samningi viðsemjanda við Símann um sýndarnetsaðgang, sjá viðauka 11. Skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsemjanda með a.m.k. 40 daga fyrirvara, nema óhjákvæmilegt sé að tilkynna um verðbreytingarnar með styttri fyrirvara. Skal Síminn þá sýna fram á nauðsyn þess á sannanlegan hátt, sbr. skilmála 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu.*

Að sögn Símans hefði umrædd breyting á orðalagi ákvæðisins verið gerð að beiðni Tals. Enginn efnislegur munur væri þó á innihaldi greinanna. Í ákvæðinu í samningnum hefði verið bætt við að heildsöluverðskrá væri í sérstökum viðauka. Sú verðskrá tæki hins vegar nokkrum breytingum og væri mismunandi frá einum tíma til annars. Væri því óhentugt að vísa til hennar í almennu viðmiðunartilboði. Teldi Síminn því óheppilegt að taka orðalag ákvæðisins í sýndarnetssamningnum inn í viðmiðunartilboðið.

PFS er sammála Símanum varðandi þetta atriði. Hentugra þykir að hafa almennt ákvæði um gjöld vegna útlendasímtala á borð við grein 7 í viðauka 1 í viðkomandi sýndarnetssamningi en að hafa nánari útfærslu í viðauka 11 í viðmiðunartilboði um sýndarnetsaðgang.

#### **4.4.14 Erlent reiki**

Í hinni uppfærðu útgáfu viðmiðunartilboðsins bættist við svohljóðandi ákvæði um erlent reiki í 8. gr. viðauka 1:

*Viðsemjandi getur fengið aðgang að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS.*

Í sömu grein sýndarnetssamnings Símans og Tals er hins vegar að finna eftirfarandi ákvæði um sama atriði:

*Viðsemjandi fær aðgang að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS. Verð fyrir erlent reiki er samkvæmt smásöluverðskrá Símans á hverjum tíma.*

Í grein 1.4 í viðauka 3 (Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum) í hinu uppfærða viðmiðunartilboði er ákvæði um erlent reiki sem hljóðar svo:

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS. Semja skal sérstaklega um verð fyrir reikisímtöl í farsímaneti Símans.*

Í sýndarnetssamningnum hljóðar sambærilegt ákvæði svo:

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS. Verð fyrir erlent reiki er samkvæmt smásöluverðskrá Símans á hverjum tíma.*

Fram kom í máli Símans að í sýndarnetssamningnum við Tal hefði verið skilgreint hvaða forsendur lægju fyrir verðlagningu en það væri samningsatriði milli aðila. Ekki hefði verið talin ástæða til að þrengja samningsfrelsi viðsemjanda með því að bæta slíku ákvæði við viðmiðunartilboðið.

PFS telur Símann ekki hafa fært fullnægjandi rök fyrir þeim mismun sem er á ákvæðum um erlent reiki í viðmiðunartilboði um sýndarnetsaðgang annars vegar og sýndarnetsamningi Símans og Tals hins vegar. Því mælir PFS fyrir um að ákvæðum viðmiðunartilboðsins verði breytt til samræmis við ákvæði sýndarnetsamningsins. PFS mælir því fyrir um að 8. gr. viðauka 1 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang hljóði svo:

*Viðsemjandi fær aðgang að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS.  
Verð fyrir erlent reiki er samkvæmt smásöluverðskrá Símans á hverjum tíma.*

PFS mælir enn fremur fyrir um að ákvæði 1.4 í viðauka 3 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang hljóði svo:

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS.  
Verð fyrir erlent reiki er samkvæmt smásöluverðskrá Símans á hverjum tíma.*

#### **4.4.15 Framkvæmd samtengingar**

Í grein 1.1 (Áætlanir og undirbúningur samtenginga) í viðauka 4 er fjallar um framkvæmd samtengingar var að finna eftirfarandi ákvæði í hinu upprunalega viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang:

*Áður en til sýndarnetsaðgangs viðsemjanda getur komið þarf hann að leggja fram ítarlega og sundurliðaða áætlun um tæknilega samtengingu og samhæfingu kerfa sinna við farsímanet Símans og óskir um prófanir sem því fylgja.*

Í hinu uppfærða viðmiðunartilboði og í sýndarnetsamningi Símans og Tals segir að Síminn skuli, auk viðsemjanda, leggja slíka sundurliðaða áætlun fram. Hljóðar ákvæðið svo:

*Áður en til sýndarnetsaðgangs viðsemjanda getur komið þarf Síminn og viðsemjandi að leggja fram ítarlega og sundurliðaða áætlun um tæknilega samtengingu og samhæfingu kerfa viðsemjanda við farsímanet Símans og óskir um prófanir sem því fylgja. Það er jafnframt alfarið á ábyrgð viðsemjanda að setja fram óskir og semja um númeraflutning, tengingu t.d. við HÍN og Já ehf. upplýsingaveitur kjósi hann svo.*

Þar sem hið uppfærða ákvæði í grein 1.1. í viðauka 4 við hið uppfærða viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang er í samræmi við samskonar ákvæði í sýndarnetsamningi Símans og Tals hyggst PFS ekki leggja gegn umræddri breytingu og samþykkir hana.

#### **4.4.16 Gildistaka samnings**

Í grein 1.3 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang er fjallað um gildistöku samnings um sýndarnetsaðgang. Þar segir:

##### *1.3.1 Nýr viðsemjandi*

*Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki eru nú þegar með samning um sýndarnetsaðgang við Símann tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja samningsaðila undir samning þennan.*

### *1.3.2 Samningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi*

*Þegar í gildi er samningur um sýndarnetsaðgang milli Símans og viðsemjanda skal viðsemjanda veittur a.m.k. 6 mánaða uppsagnarfrestur áður en nýtt viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang leysir gildandi samning af hólmi. Að þeim tíma liðnum gildir viðmiðunartilboðið sem samningur aðila, án sérstakrar undirskriftar, nema samningsaðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.*

Umrædd grein í sýndarnetssamningi Símans og Tals hljóðar hins vegar svo:

*Samningurinn tekur gildi við undirskrift beggja samningsaðila.*

Í máli Símans kom fram að ákvæðið í viðmiðunartilboðinu tæki mið af því að viðsemjandi Símans kynni annaðhvort að vera nýr viðsemjandi eða aðili sem væri þegar aðili að eldri samningi við Símann. Þar sem Tal væri nýr viðsemjandi væri sýndarnetssamningurinn einfaldlega sniðinn að þeirri staðreynd að vitað væri að Tal væri nýr viðsemjandi. Því hefði ákvæði í samningnum sem einungis hefði snúið að aðilum með eldri samning í gildi verið kippt burt. Breytingin hefði ekki efnislega þýðingu í för með sér.

PFS er sammála því að frávík þetta sé eðlilegt og hafi ekki í för með sér efnislega mismunun. PFS hyggst því ekki mæla fyrir um breytingu á umræddri grein viðmiðunartilboðsins.

#### **4.4.17 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina, þjónustugæði og þjónustustig**

Í grein 2.2 um ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina, þjónustugæði og þjónustustig í hinu uppfærða viðmiðunartilboði var eftirfarandi ákvæði bætt við sem h-lið:

*Gera þarf þjónustusamning um nánari útfærslu þjónustuveitingu / SLA.*

Viðbót þessi er í samræmi við samskonar ákvæði sem er að finna í sýndarnetssamningi Símans og Tals. Að því virtu hyggst PFS samþykkja umrædda viðbót, auk þess sem ákvæðið er eðlilegt.

#### **4.4.18 Takmörkun umferðar**

Í lok greinar 2.5 um takmörkun umferðar í hinu uppfærða viðmiðunartilboði var eftirfarandi setningu bætt við:

*Tryggja skal jafnræði viðskiptavina aðila við beitingu slíkra úrræða.*

Viðbót þessi er í samræmi við orðalag sýndarnetssamnings Símans og Tals um sama atriði. PFS kveður því á um að grein 2.5 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang hljóði svo:

*Samningsaðilum er heimilt að takmarka umferð fyrirvaralaust og án þess að tilkynna gagnaðila um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets samningsaðila. Komi til slíkrar takmörkunar á umferð, skal tilkynna gagnaðila um ástæður þess strax og hægt er. Tryggja skal jafnræði viðskiptavina aðila við beitingu slíkra úrræða.*

#### **4.4.19 Uppbygging á farsímaneti viðsemjanda**

Í grein 3.2 í hinu upphaflega viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang var ákvæði um uppbyggingu á farsímaneti viðsemjanda og hljóðaði það svo:

*Nú ákveður viðsemjandi að fara í uppbyggingu á eigin farsímaneti og hefur fengið úthlutað tíðniheimild, skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara áður en áætlað er að taka eigin farsímanet á grundvelli tíðnileyfis í notkun. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll reikisamnings að farsímaneti Símans.*

*Samningur þessi fellur úr gildi við undirskrift nýs samnings aðila um aðgang að farsímaneti Símans eða að 6 mánuðum liðnum frá tilkynningu viðsemjanda. Viðsemjanda er óheimilt að hefja starfrækslu eigin farsímanets fyrr nema til prófana og með samþykki Símans. Sjá einnig 2. mgr. 9. gr., skv. ákvæðum um uppsögn samnings, og ákvæði 5. gr. í viðauka 1.*

Í hinu uppfærða viðmiðunartilboði og í sýndarnetssamningnum hafa tvær síðustu setningarnar í seinni málsgreininni verið felldar brott. PFS telur umrædda breytingu ekki óeðlilega og samþykkir hana. Grein 3.2 í viðmiðunartilboðinu skal því hljóða svo:

*Nú ákveður viðsemjandi að fara í uppbyggingu á eigin farsímaneti og hefur fengið úthlutað tíðniheimild, skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara áður en áætlað er að taka eigin farsímanet á grundvelli tíðnileyfis í notkun. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll reikisamnings að farsímaneti Símans.*

*Samningur þessi fellur úr gildi við undirskrift nýs samnings aðila um aðgang að farsímaneti Símans eða að 6 mánuðum liðnum frá tilkynningu viðsemjanda.*

#### **4.4.20 Riftun**

Í grein 6.2 í hinu upphaflega viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang gat að líta eftirfarandi ákvæði um riftun:

*Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað ef eitt eða fleiri af eftirfarandi á við:*

- a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum;*
- b) ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða*
- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika;*
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni;*
- e) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.*

*Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.*

*Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.*



Í hinu uppfærða viðmiðunartilboði og í sýndarnetssamningi Símans og Tals hefur verið bætt við nýju ákvæði í 2. mgr. sem hljóðar svo:

*Nú verður breyting á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvald tekur ákvörðun sem hefur í för með sér að forsendur í samningi þessum verða verulega breyttar og hafa þá sammingsaðilar heimild til að rifta samningi þessum með 30 daga fyrirvara frá því að riftunaryfirlýsing er send. Sá sem hyggst beita riftun vegna breyttra forsendna skal gera það innan 30 daga frá því honum verður kunnugt um hinar breyttu forsendur. Sá sem beitir riftunarheimild skal leita allra leiða til að finna sanngjarna lausn áður en riftunarheimild er beitt með sannanlegum hætti.*

Í máli Símans í fyrri andmælum félagsins kom fram að félögin hefðu talið rétt að setja inn ofangreint ákvæði þar sem afstaða eftirlitsstofnana hefði ekki legið fyrir varðandi þær skilgreiningar sem gengið hefði verið út frá í samningnum. Sambærilegur samningur hefði verið gerður við IMC í nóvember 2009 og sendur til PFS. Ekki hafði borist nein athugasemd frá stofnuninni varðandi innihald þess sammings þegar samningur Símans og Tals hefði verið undirritaður. Til að gæta varkárni hefði aðilum þótt rétt að setja inn ofangreindan fyrirvara ef forsendubrestur yrði hvað þetta varðaði.

Eins og fram kemur í boðunarbréfi PFS, dags. 18. apríl s.l., hafði stofnunin í hyggju að hafna umræddri breytingu á viðmiðunartilboðinu. Á Símanum gildi aðgangskvöð á markaði 15 fram til 30. apríl 2013. PFS hefði í hyggju að mæla svo fyrir að símtöl á milli viðskiptavina Símans og viðskiptavina sýndarnetsaðila væru utankerfissímtöl. Bæri Símanum því að leiðrétta viðskipti sín við Tal að þessu leyti og færa efni viðmiðunartilboðsins til réttis horfs. Auk þess teldi PFS að óeðlilegt væri að fyrirtæki á borð við Símann, sem á hvíldi umrædd aðgangskvöð, gæti borið slíkri riftunarástæðu fyrir sig. Ákvæði greinar 6.2 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang skyldi því vera óbreytt.

Í seinna andmælabréfi Símans kom fram að umrætt ákvæði væri hefðbundið ákvæði um brostnar forsendur. Gilti þetta bæði fyrir Símann og viðsemjanda og væri mikilvægt að aðilar hefðu ákveðinn sveigjanleika til þess að rifta samningum ef aðstæður skyndilega breyttust sem leiddi til þess að aðilar teldu ótækt að halda samningi áfram í óbreyttri mynd. Í sjálfu sér væri ákvæðið sambærilegt svokölluðum „MAC-ákvæðum“ í lánasamningum þar sem lánveitandinn hefði heimild til þess að gjaldfella samning ef aðstæður breyttust hjá lántaka. Í sjálfu sér hefðu aðilar ávallt heimild til þess að segja samningi upp vegna brostinna forsendna í samræmi við grunnreglur samningaréttar, en með ákvæðinu væri skýrt hverjar slíkar forsendur gætu verið og hvernig skyldi haga framkvæmdinni er það gerðist. Telja yrði að m.t.t. réttaröryggis væri eðlilegra að hafa slíkt ákvæði í samningum heldur en að byggja alfarið á almennum reglum samningaréttar. Gerði Síminn því þá kröfu að PFS félli frá því að hafna þeirri viðbót sem fram hefði komið í samningi Tals og Símans um heimildir til riftunar.

Ákvæði á borð við það sem hér um ræðir er ekki að finna í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta frá 1. ágúst 2011. Eins og fram hefur komið ber Símanum að leiðrétta viðskipti sín við Tal þannig að símtöl á milli viðskiptavina félaganna teljast ekki innankerfissímtöl. Á símanum hvílir aðgangskvöð að þessu leyti. Því er óeðlilegt að Síminn geti gripið til riftunarástæðu á borð við þessa. Hins vegar ber að taka undir með Símanum að mikilvægt geti verið að viðsemjendur Símans njóti slíkrar riftunarheimildar, þar sem þeir eru

viðkvæmari fyrir breyttum aðstæðum sem upp kunna að koma í kjölfar lagabreytinga eða stjórnvaldsfyrirmæla. Ákvæði 6.2 skal því hljóða svo:

*Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað ef eitt eða fleiri af eftirfarandi á við:*

- f) ef verulega skortir á að gagnadili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum;*
- g) ef gagnadili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða*
- h) ef gagnadili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika;*
- i) ef gagnadili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni;*
- j) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.*

*Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.*

*Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.*

*Nú verður breyting á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvald tekur ákvörðun sem hefur í för með sér að forsendur í samningi þessum verða verulega breyttar og hafa þá viðsemjendur Símans heimild til að rifta samningi þessum með 30 daga fyrirvara frá því að riftunaryfirlýsing er send. Sá sem hyggst beita riftun vegna breyttra forsendna skal gera það innan 30 daga frá því honum verður kunnugt um hinar breyttu forsendur. Sá sem beitir riftunarheimild skal leita allra leiða til að finna sanngjarna lausn áður en riftunarheimild er beitt með sannanlegum hætti.*

#### **4.4.21 Dráttarvextir**

Í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang gæti að líta eftirfarandi ákvæði um dráttarvexti í grein 6.4:

*Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegir dráttarvextir, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.*

Í sýndarnetssamningi Símans og Tals hljóðaði ákvæðið svo:

*Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum áskilur Síminn sér rétt til að reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.*

Í máli Símans kom fram að aðeins væri hér um smávægilega breytingu á orðalagi að ræða sem ekki hefði áhrif á réttindi eða skyldur aðila samkvæmt samningnum. Ákvæðin þýddu m.ö.o. það sama. Orðalag ákvæðisins í viðmiðunartilboðinu væri hins vegar betra en orðalag samningsins. Væri því ekki ástæða til að breyta orðalagi viðmiðunartilboðsins til samræmis við samning Símans og Tals.

PFS er á þeirri skoðun að orðalag ákvæðisins í viðmiðunartilboðinu sé afdráttarlausara en ákvæðið í sýndarnetssamningi Símans og Tals. Til að gæta jafnræðis mælir PFS fyrir um að

ákvæði sýndarnetssamningsins um dráttarvexti verði tekið upp í viðmiðunartilboðið þannig að ákvæði greinar 6.4 hljóði svo:

*Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum áskilur Síminn sér rétt til að reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.*

#### **4.4.22 Gildistaka, gildistími og uppsögn**

Í hinu upprunalega viðmiðunartilboði getur að líta ákvæði um gildistöku, gildistíma og uppsögn samnings í 8. gr. Hljóðar það svo:

*Samningurinn er tímabundinn og gildir í a.m.k. 3 ár frá xxxxxx til xxxxxx. Nú vill viðsemjandi binda endi á samningssamband aðila að þeim tíma liðnum og skal hann þá tilkynna það með 6 mánaða fyrirvara, eigi síðar en xxxx. Að öðrum kosti framlengist samningurinn sjálfkrafa um 1 ár í senn með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.*

*Sjá einnig sérákvæði um samningsslit vegna uppbyggingar á eigin farsímaneti viðsemjanda, eða ef hann hættir fjarskiptarekstri sínum, í grein 3.2 og 5. gr. í viðauka 1.*

Í sýndarnetssamningi Símans og Tals hljóðaði ákvæðið svo:

*Samningurinn er tímabundinn og gildir í 4 ár frá xxxxxx til xxxxxx. Nú vill viðsemjandi binda endi á samningssamband aðila að þeim tíma liðnum og skal hann þá tilkynna það með 6 mánaða fyrirvara, eigi síðar en 13. júlí 2013. Að öðrum kosti framlengist samningurinn sjálfkrafa um 1 ár í senn með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.*

Í máli Símans kom fram að gildistími upp á 4 ár hefði verið settur í sýndarnetssamninginn að ósk Tals. Af hálfu Símans væri ekki talin ástæða til þess að lengja samningstíma í viðmiðunartilboðinu, þar sem það hefði í för með sér aukna bindingu fyrir viðsemjanda Símans og væri að því leyti skerðing á hagsmunum hans. Síðustu málsgrein ákvæðisins í sýndarnetssamningnum hefði verið eytt í samræmi við ákvæði 3.2.

PFS fellst á ofangreind rök Símans. PFS telur að það í þágu mögulegs nýs viðsemjanda að gildistíminn sé ekki of langur. PFS hefur því ekki í hyggju að kveða á um breytingar á 8. gr. viðmiðunartilboðsins.

#### **4.4.23 Innleiðingartími**

Í viðauka 9 við sýndarnetssamning Símans og Tals er að finna eftirfarandi ákvæði um innleiðingartíma sem ekki er að finna í viðmiðunartilboðinu:

[...].

Eins og fram kemur í kafla 4.4.22 hér að framan hyggst PFS ekki mæla fyrir um meira en 3ja ára lágmarksgildistíma samnings um sýndarnet. PFS hyggst því ekki heldur leggja til að umræddur 9 viðauki um innleiðingartíma verði færður í viðmiðunartilboðið.

Samkvæmt umfjöllun PFS hér að framan hefur Síminn ekki veitt þá afslætti sem kveðið er á um í sýndarnetssamningi Símans og Tals. Ekki er getið um slíka afslætti í viðmiðunartilboðinu. Eins og fram kemur hér að framan telur PFS að það afsláttarfyrirkomulag sem Síminn lagði

upp með í samningi sínum við Tal sé ekki óeðlilegt ef Síminn ef það byggir á kostnaðarlegum rökum og samþykki PFS fengist fyrir því. Þá yrði það að gilda gagnvart öllum viðsemjendum svo að jafnræðis sé gætt.

#### **4.4.24 Samhæfing upplýsingakerfa**

Í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang er að finna ákvæði um samhæfingu upplýsingakerfa í 9. gr. viðauka 1. Þar kemur eftirfarandi fram:

*Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 9. Viðsemjandi greiðir þann kostnað sem Síminn verður fyrir við samhæfingu upplýsingakerfa.*

Ofangreint ákvæði er hins vegar ekki að finna í sýndarnetssamningi Símans og Tals. Fram kom í máli Símans að Tal hefði við undirritun sýndarnetssamningsins lagt fram áætlanir um að koma með [...] viðskiptavinum sína inn á kerfi Símans fyrir [...]. Af hálfu Símans hefði verið litið svo á að tekjur af þessum fjölda viðskiptavinum sem bærust vegna notkunar á kerfi félagsins réttlætti brottfall ofangreinds ákvæðis. Í viðmiðunartilboðinu væri að finna skýringarmynd í viðauka 9 varðandi samhæfingu upplýsingakerfa. Skýringarmyndina væri hins vegar ekki að finna í sýndarnetssamningnum. Að sögn Símans væri myndin til upplýsingar fyrir viðsemjanda sem hefði hug á að gera sýndarnetssamning. Teldi Síminn einfaldlega heppilegt að hafa slíka mynd í viðmiðunartilboði sínu, enda þótt sama mynd hefði ekki fylgt samningnum. Væri ekki við því búist að PFS gerði athugasemdir við þá tilhögun.

Í framangreindu boðunarbréfi PFS, dags. 18. apríl s.l., gerði PFS ekki athugasemd við að umrædd skýringarmynd væri í sérstökum viðauka við viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang. Til að gæta jafnræðis taldi PFS hins vegar að ákvæði 9. gr. viðauka 1 skyldi falla brott, enda gæti Síminn ekki einhliða ákveðið að fella niður kostnað félagsins af samhæfingu upplýsingakerfa sinna gagnvart einum aðila en ekki öðrum. Auk þess teldi PFS eðlilegt að Síminn bæri þennan kostnað sjálfur. Því hefði PFS í hyggju að leggja til að ákvæði 9. gr. viðauka 1 við viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang félli brott.

Í seinna andmælabréfi Símans, dags. 4. maí s.l., gerði félagið athugasemd við þá fyrirhuguðu ákvörðun PFS að banna innheimtu kostnaðar vegna samhæfingar upplýsingakerfa. Innleiðing á nýjum aðilum væri mjög breytileg. Í ákveðnum tilvikum gæti þurft takmarkaðar breytingar þar sem kerfi aðila væru þegar samhæfð eða sambærileg en í öðrum tilvikum gæti það reynst umtalsvert flókið að innleiða nýjan aðila. Síminn teldi það vera með öllu óeðlilegt að leggja þá kvöð á Símann að fjárfesta í búnaði eða vinnu til þess að mæta kröfu nýrra aðila sem e.t.v. byggju yfir ófullnægjandi búnaði. Því yrði að vera svigrúm til þess að meta umfang og kostnað í hverju tilfelli fyrir sig en ekki láta Símann skilyrðislaust greiða allar breytingar fyrir hinn nýja aðila. Gerði Síminn þá kröfu að PFS félli frá þeirri ætlun sinni að láta Símann bera kostnað vegna breytingar á kerfum félagsins sem kæmu til vegna óska þriðja aðila um aðgang. Þótt það hvíldi kvöð á Símanum að veita aðgang þýddi það ekki að Síminn skyldi veita slíkan aðgang án endurgjalds. Teldi Síminn rétt að félagið hefði heimild til þess að innheimta kostnað við aðgang, þ.m.t. stofnkostnað.

Þar sem skýr jafnræðiskvöð gildir á Símanum á markaði 15 er félaginu óheimilt að fella kostnað vegna samhæfingar upplýsingakerfa niður gagnvart einum aðila en innheimta hann gagnvart öðrum, svo framarlega sem um sambærilegan kostnað sé að ræða. Síminn hefur bersýnilega í samningum sínum við Tal talið sér fært að fella umræddan kostnað niður. Hins vegar getur PFS fallist á það með Símanum að kostnaður vegna samhæfingar upplýsingakerfa vegna nýs aðila geti verið hærri en rótgrónari aðila eins og Tals. Því telur PFS eðlilegt að meginreglan verði sú að Síminn innheimti ekki umræddan kostnað en að PFS geti þó veitt Símanum heimild til að innheimta kostnað vegna samhæfingar upplýsingakerfa sem er umfram þá kostnaðarliði sem Tal fékk fellda niður.

Að framangreindu virtu skal ákvæði um samhæfingu upplýsingakerfa í 9. gr. viðauka 1 hljóða svo:

*Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 9. Þó er ekki innheimtur af hálfu Símans neinn kostnaður vegna samhæfingar upplýsingakerfa félagsins að kerfum viðsemjenda, nema með sérstöku samþykki PFS. Slíkt getur átt við um þá kostnaðarliði sem er umfram þá liði sem Síminn hefur í framkvæmd ekki innheimt fyrir.*

#### **4.4.25 Viðaukar**

Í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang er kveðið á um viðauka í 9. gr. og hljóðar ákvæðið svo:

*Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.*

- Viðauki 1 Verð fyrir sýndarnetsaðgang*
- Viðauki 2 Tæknileg úrfærsla sýndarnetsaðgangs*
- Viðauki 3 Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum*
- Viðauki 4 Framkvæmd samtengingar*
- Viðauki 5 Áætlanir*
- Viðauki 6 Verkferlar í starfseminni*
- Viðauki 7 Notkun SS7 – tæknileg geta og öryggiskröfur*
- Viðauki 8 Tengiliðir samningsaðila*
- Viðauki 9 Samhæfing upplýsingakerfa*

*Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.*

*Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.*

Í sambærilegum kafla sýndarnetssamnings Símans og Tals hljóðar ákvæðið svo:

*Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.*

- Viðauki 1 Verð fyrir sýndarnetsaðgang*
- Viðauki 2 Tæknileg úrfærsla sýndarnetsaðgangs*
- Viðauki 3 Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum*
- Viðauki 4 Framkvæmd samtengingar*
- Viðauki 5 Áætlanir*
- Viðauki 6 Verkferlar í starfseminni*
- Viðauki 7 Notkun SS7 – tæknileg geta og öryggiskröfur*

- Viðauki 8 Tengiliðir samningsaðila*
- Viðauki 9 Innleiðing*
- Viðauki 10 Markaðsstuðningur*
- Viðauki 11 Verðskrá fyrir útlandasímtöl*

*Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.*

*Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.*

Eins og fram kemur í kafla 4.4.13 hér að framan mælir PFS ekki fyrir um að viðauki um útlandasímtöl verði í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang. Hins vegar kemur fram í kafla 4.4.5 að PFS telji eðlilegt að viðauka um markaðsstuðning verði bætti við viðmiðunartilboðið. Ákvæði kafli 9 í viðmiðunartilboðinu skal því hljóða svo:

*Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.*

- Viðauki 1 Verð fyrir sýndarnetsaðgang*
- Viðauki 2 Tæknileg úrfærsla sýndarnetsaðgangs*
- Viðauki 3 Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum*
- Viðauki 4 Framkvæmd samtengingar*
- Viðauki 5 Áætlanir*
- Viðauki 6 Verkferlar í starfseminni*
- Viðauki 7 Notkun SS7 – tæknileg geta og öryggiskröfur*
- Viðauki 8 Tengiliðir samningsaðila*
- Viðauki 9 Markaðsstuðningur*
- Viðauki 10 Samhæfing upplýsingakerfa*

*Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.*

*Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.*

#### **4.4.26 Gjaldfrestur**

Í 2. mgr. greinar 5.2.2 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang er að finna ákvæði um gjaldfrest. Hljóðar það svo:

*Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar.*

*Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 12 dögum síðar. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.*

Í máli Símans kom fram að í sýndarnetssamningi Símans og Tals hefði verið kveðið á um að gjalddagi reikninga væri að liðnum 33 dögum eftir lok reikningstímabils. Síminn og Tal hefðu samið sín á milli um breytingu á þeirri tilhögun til samræmis við viðmiðunartilboðið. Væri viðmiðunartilboðið því í samræmi við sýndarnetssamninginn, enda þótt því hafi ekki verið breytt sérstaklega.

Þar sem Síminn og Tali hafa breytt umræddu ákvæði til samræmis við viðmiðunartilboðið er ekki tilefni til að mæla fyrir um breytingu á ákvæði 5.2.2 í viðmiðunartilboðinu varðandi gjaldfresti.

#### **4.4.27 Tilkynningar vegna almennra málefna í starfsemi**

Í hinu upprunalega viðmiðunartilboði getur að líta í 3. mgr. greinar 1.2 í viðauka 6 (Verkferlar í starfsemi) eftirfarandi ákvæði um tilkynningar vegna almennra málefna í starfsemi:

*Þegar viðsemjandi verður var við atburði sem ekki fela í sér hreina bilun má hann hafa samband við tæknideild Símans. Beiðni um aðstoð tæknideildar má fara fram símleidis eða með tölvupósti sé ekki öðruvísi um samið. Opnunartími tæknideildar er milli 9:00 og 16:00 (ísl. tími) virka daga. Viðbrögð eða svör við beiðnum berast með tölvupósti sé ekki samið um annað.*

Í hinu uppfærða viðmiðunartilboði og sýndarnetssamningnum hafði eftirfarandi setningu verið bætt við ofangreint ákvæði: h

*Opnunartími tæknideildar er allan sólarhringinn. Viðbrögð eða svör við beiðnum berast með tölvupósti sé ekki samið um annað.*

Í seinna andmælabréfi Símans, dags. 4. maí s.l., óskaði félagið eftir að smávægileg breyting yrði gerð á umræddri grein. Ákvæði endurspeglaði bættu þjónustu heilidsölu Símans við viðskiptavinum sína og skyldi hljóða svo:

*Þegar viðsemjandi verður var við atburði sem ekki fela í sér hreina bilun má hann hafa samband við tæknideild Símans. Beiðni um aðstoð tæknideildar er send gegnum Þjónustuvef heilidsölu og svör með viðbrögðum við beiðni er birt þar. Opnunartími tæknideildar er allan sólarhringinn.*

Breyting sú sem Síminn hefur gert í hinu uppfærða viðmiðunartilboði felur í sér rýmkun á opnunartíma þjónustudeildar og fellst PFS því á breytinguna. Mikilvægt er þó að umræddur þjónustuvefur heilidsölu Símans sé ávallt virkur og aðgengilegur. Ákvæði 3. mgr. greinar 1.2 í viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang skal því hljóða svo:

*Þegar viðsemjandi verður var við atburði sem ekki fela í sér hreina bilun má hann hafa samband við tæknideild Símans. Beiðni um aðstoð tæknideildar er send gegnum Þjónustuvef heilidsölu og svör með viðbrögðum við beiðni er birt þar. Opnunartími tæknideildar er allan sólarhringinn.*

#### **4.4.28 Ábyrgð á virðisaukandi þjónustu**

Í 1. gr. í viðauka 2 (Tæknileg útfærsla sýndarnetsaðgangs) við sýndarnetssamninginn er kveðið á um að Síminn beri ábyrgð á virðisaukandi þjónustu gagnvart Tali. Í viðmiðunartilboðinu er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að Síminn beri á byrgð á virðisaukandi þjónustu. Í máli Símans kom fram að í viðauka 2 væri skilgreint hvaða ábyrgðarþættir tilheyrðu hvorum samningsaðila um sig og að það væri samningsatriði milli aðila. Misjafnt væri hvernig hvert og eitt fjarskiptafyrirtæki vildi útfæra tæknilega högun sína og því eðlilegt að það væri breytilegt eftir samningum. Útfærslan miðaðist þá við innviði hvers og eins fjarskiptafyrirtækis. Síminn

teldi því óheppilegt að breyta viðmiðunartilboðinu að þessu leyti, enda líklegt að annar sýndarnetsaðili kysi aðra útfærslu.

PFS er sammála því sem fram kemur í máli Símans hér að ofan. Uppröðunin í grein 1 í viðauka 2 er aðeins í dæmaskyni. Sýndarnetsaðilar geta samið við Símann um að Síminn taki að sér aukna þjónustupætti gegn greiðslu. PFS hyggst því ekki breyta umræddu ákvæði.

#### **4.4.29 Aðgangur að þriðju kynslóðar farsímakerfi Símans**

Í viðauka 1 í sýndarnetssamningi Símans og Tals er kveðið á um verð fyrir aðgang að þriðju kynslóðar farsímakerfi Símans. Í viðmiðunartilboðinu er hins vegar ekki kveðið á um slíkan aðgang og því ekki kveðið á um verð fyrir hann. Í máli Símans kom fram að í kvöðum á markaði 15 væru ekki kvaðir um aðgang að 3G-kerfi Símans. Væri því ekki minnst á aðgang að 3G-kerfinu í viðmiðunartilboðinu. Síminn ítrekaði þó að öllum stæði til boða að fá slíkan aðgang. Bæði Nova og Vodafone hefðu fengið slíkt boð en ekki sýnt því áhuga.

Í boðunarbréfi PFS, dags. 18. apríl s.l., kom fram að stofnunin væri sammála Símanum varðandi ofangreint. PFS hefði því ekki í hyggju að mæla fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði Símans um sýndarnetsaðgang að þessu leyti.

Í seinna andmælabréfi Vodafone, dags. 4. maí s.l., kom fram að þvert á ofangreindar fullyrðingar Símans teldi Vodafone verulegar misbrestir á að öðrum farsímafyriertækjum hefði verið boðinn aðgangur að 3G kerfi Símans á jafnræðisgrundvelli. Vodafone hefði þannig óskað eftir aðgangi að umræddu kerfi en á fjárhagslegum forsendum hefði það ekki verið gerlegt. Bæri hér sérstaklega að líta til þess hluta 3G kerfisins sem byggður hefði verið upp á fjármunum hins opinbera samkvæmt samningi við Fjarskiptasjóð. Síminn hefði eingöngu boðið upp á endursölu á eigin þjónustu og væri því ekki um sýndarnets- eða reiknaðgang að ræða. Í ljósi þess að um ríkisstyrkta uppbyggingu væri að ræða hefði Vodafone talið eðlilegt að allir aðilar sem hug hefðu á því að nýta sér umrætt kerfi ættu að fá aðgang að því á jafnræðisgrundvelli. Hefði Vodafone beint kvörtun til ESA á grundvelli reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð vegna þessa. Að öðru leyti virtist Síminn hafa valið aðila sem félagið vildi veita aðgang að 3G kerfinu með því að bjóða mismunandi verð og veitt sérstaklega þeim aðilum sem hefðu haft heildsöluviðskipti á markaði 15 við Vodafone eftirsóknarverð kjör. Hefði sýnt sig að m.a. þessir yfirburðir Símans og hindranir Símans fyrir aðgangi Vodafone að 3G kerfinu hefðu leitt til þess að viðskiptavinir Vodafone í heildsölu á markaði 15 hefðu markvisst færst viðskipti sín yfir til Símans. Vodafone teldi því rétt að beina því til PFS að endurskoða framangreinda niðurstöðu með það að augnamiði að tryggt væri að fjarskiptafyrirtæki sætu við sama borð hvað varðaði aðgang að 3G kerfi Símans sérstaklega að teknu tilliti til opinberra framlaga til uppbyggingar.

PFS hyggst ekki breyta afstöðu sinni til ofangreinds atriðis þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir Vodafone. Óumdeilt er að ekki var kveðið á um aðgang að 3G kerfi Símans við í ákvörðun PFS nr. 4/2007 á markaði 15 enda var það kerfi ekki orðið að veruleika á þeim tímapunkti. Með ákvörðun PFS nr. 11/2012, dags. 30. mars s.l., framkvæmdi PFS nýja markaðsgreiningu á markaði 15. Niðurstaða hennar var sú að Síminn nyti ekki lengur umtalsverðs markaðsstyrks á viðkomandi markaði og falla kvaðir á félagið að fullu niður þann 30. september n.k. að undanskilinni aðgangskvöðinni sem gildir til 30. mars 2013. Ljóst er því



að PFS hafði ekki heimild til að leggja frekari kvaðir á Símann í umræddri ákvörðun um aðgang að 3G neti félagsins. Því síður er PFS heimilt að leggja slíkar kvaðir á Símann í þeirri ákvörðun sem hér er til umfjöllunar.

#### **4.4.30 UMTS 2100**

Í grein 1.1 í viðauka 3 (Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum) í sýndarnettssamningi Símans og Tals er kveðið á um að eitt þeirra tíðnibila sem nýtt er til flutnings í sýndarnetsnotkun Tals sé UMTS 2100, auk GSM 900 og 1800. Í viðmiðunartilboðinu er hins vegar ekki kveðið á um UMTS 2100 í þessu samhengi.

Eins og fram kemur í kafla 4.4.29 hér að ofan hyggst PFS ekki mæla fyrir um aðgang að 3G farsímaneti Símans í umræddu viðmiðunartilboði. Sömu sjónarmið eiga við hér.

### ***4.5 Fyrirhugaðar breytingar PFS á viðmiðunartilboði um endursöluaðgang***

#### **4.5.1 Almenn**

Í kafla þessum verður undir viðkomandi liðum gerð grein fyrir breytingum þeim sem PFS mælir fyrir um að Síminn geri á viðmiðunartilboði því um endursöluaðgang sem PFS samþykkti með ákvörðun nr. 19/2009 þann 26. nóvember 2009.

#### **4.5.2 Aðgangsgjald**

Fram kom í máli Símans að ákvæði um aðgangsgjald í grein 2.1 í viðauka 1 við hið upphaflega viðmiðunartilboði um endursöluaðgang hefði hljóðað svo:

*Viðsemjandi skal greiða [...] óafturkræft, sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans.*

Í ákvörðun PFS nr. 8/2010 varðandi kostnaðargreiningu á heildsöluverðum Símans fyrir upphaf og aðgang símtala í GSM og UMTS farsímanetum samþykkti stofnunin að árlegt aðgangsgjald á fyrstu [...] árum samningstímans yrði að hámarki [...] kr. á ári og innifæli bæði innleiðingu og rekstur m.v. [...] ára samningstíma eða samtals [...] kr. Árlangt aðgangsgjald skyldi svo lækka í [...] kr. á ári eftir það.

Að ofangreindu hyggst PFS mæla fyrir um að grein 2.1 í viðauka 1 við viðmiðunartilboð Símans um endursöluaðgang hljóði svo:

*Viðsemjandi skal greiða að hámarki [...] óafturkræft, sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans fyrstu [...] ár samningstímans. Eftir það skal viðsemjandi greiða að hámarki [...] óafturkræft árlega. Umrætt gjald greiðist eftir á fyrir næstliðið ár, í fyrsta skipti ári eftir að aðgangur hefur verið veittur.*

#### **4.5.3 Símtöl á milli viðsemjanda**

Ákvæði um símtöl á milli viðsemjanda hefði verið bætt viðauka 1 sem 6. grein. Hljóðar ákvæðið svo:

*Fyrir símtöl sem hringd eru til viðskiptavina viðsemjanda og er lokið í farsímakerfi Símans, greiðir viðsemjandi [...] kr. pr. mínútu. Ef Póst- og fjarskiptastofnun lækkar lúkningarverð Símans undir [...] kr. pr. mínútu mun viðsemjandi njóta þess.*

*Símtöl frá viðskiptavinum Símans til viðskiptavina í farsímakerfi Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til viðsemjanda vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. grein 2.3.*

*Símtöl frá viðskiptavinum viðsemjanda sem eru á farsímaneti Símans til farsíma viðskiptavina Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til Símans vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. grein 2.3.*

PFS er sammála því að Síminn færi ofangreinda viðbót í viðmiðunartilboð félagsins um endursöluaðgang að undanskildu 1. málsgreininni, þar sem endursali kemur ekki að lúkningu símtala. Fyrir símtöl sem hringd eru til viðskiptavina viðsemjanda og er lokið í farsímakerfi Símans greiðir sá sem á upphaf símtalsins til Símans. Samkvæmt ofangreindu skal ákvæði 6. gr. viðauka 1 við viðmiðunartilboð Símans um endursöluaðgang hljóða svo:

*Símtöl frá viðskiptavinum Símans til viðskiptavina í farsímakerfi Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til viðsemjanda vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. grein 2.3.*

*Símtöl frá viðskiptavinum viðsemjanda sem eru á farsímaneti Símans til farsíma viðskiptavina Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til Símans vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. grein 2.3.*

#### **4.5.4 Markaðsstuðningur**

Í hið uppfærða viðmiðunartilboð um endursöluaðgang bætti Síminn við ákvæði um markaðsstuðning samhljóða því sem bætt var við í sýndarnettsamning Símans og fjallað var um í kafla 4.4.5 hér að framan. Eins og þar kom fram taldi PFS ekki að umræddur markaðsstuðningur til sýndarnetsaðila væri ekki óeðlilegur, auk þess sem telja yrði að umræddar upphæðir væru innan eðlilegra marka. PFS telur að sömu sjónarmið eigi við um endursöluaðila, að því undanskildu að PFS telur hæfilegt að slíkur styrkur verði aðeins veittur til 2ja ára til endursöluaðila. Ástæða þess er að endursöluaðili þarf að leggja út í mun minni fjárfestingar en sýndarnetsaðili. Að öðru leyti vísast til rökstuðnings í kafla 4.4.5.

Að ofangreindu virtu mælir PFS því fyrir um það að eftirfarandi ákvæði verði bætt við viðauka 1 við viðmiðunartilboð Símans um endursöluaðgang og verði 5. gr.:

*Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram jafn háa upphæð á móti, allt að [...] kr. árlega í allt að 2 ár.*

*Frekari útfærsla á þátttöku í markaðsstyrk er tilgreind í viðauka 10.*

**Originated mínútur á ári      Markaðsstuðningur kr.**

>[...]    [...]

>[...]    [...]

>[...]    [...]

*Til markaðsstuðnings telst allur kostnaður vegna hugmyndavinnu, framleiðslu og birtinga auglýsinga. Einnig telst innkaup á SIM kortum á innleiðingartímabili undir markaðsstuðning.*

#### **4.6 Meint brot Símans á kvöðum á markaði 15**

Eins og fram hefur komið hér að framan hóf PFS rannsókn á því hvort Síminn hefði brotið gegn tilteknum kvöðum sem stofnunin lagði á félagið með ákvörðun nr. 4/2007 á markaði 15, nánar tiltekið kvöð um gagnsæi, kvöð um jafnræði og kvöð um eftirlit með gjaldskrá.

Eins og fram kemur hér að framan voru þeir afslættir sem fram komu í viðmiðunartilboði Símans og Tals aldrei veittir. Því hefur Síminn að mati PFS ekki brotið gegn kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Byggist gjaldtaka Símans gagnvart Tali á kostnaðargreiningu þeirri sem PFS samþykkti í ákvörðun nr. 8/2010.

Eins og ítarlega er reifað í köflum 4.4 og 4.5 hér að framan var í sýndarnetssamningi Símans og Tals kveðið á um nokkur atriði með öðrum hætti en í hinum upprunalegu viðmiðunartilboðum sem PFS samþykkti með ákvörðunum 19 og 20/2009. Síminn samræmdi mörg þeirra í hinu uppfærða viðmiðunartilboði. Þau atriði sem út af standa og efnislegu máli skipta hyggst PFS ekki samþykkja í þeirri ákvörðun sem hér er boðuð. Því ríkir fullkomið samræmi á milli viðmiðunartilboðsins og sýndarnetssamnings Símans og Tals. Að ofangreindu virtu, og með því fororði að Síminn uppfæri viðmiðunartilboð sitt í samræmi við ákvörðun þessa, hefur Síminn ekki brotið gegn jafnræðiskvöð á markaði 15.

Eftir stendur þá að taka afstöðu til þess hvort Síminn hafi brotið gegn kvöð um gagnsæi á markaði 15 með því að fjarlægja þágildandi viðmiðunartilboð af heimasíðu félagsins þann 10. janúar 2010 og birta ekki að nýju fyrr en 12. apríl 2011 að kröfu PFS.

Um ástæður þess að viðmiðunartilboð félagsins um endursölu- og sýndarnetsaðgang hefðu verið fjarlægð af vefsíðu félagsins kom fram í máli Símans að við undirritun sýndarnetssamnings Símans og Tals þann 8. janúar 2010 hefði Símanum orðið ljóst að samningurinn hefði að vissu leyti verið í ósamræmi við viðmiðunartilboð félagsins sem birt hefði verið á vefsíðunni. Í ljósi þess að samningurinn hefði þjónað hagsmunum félagsins og Tals og með hliðsjón af því að Síminn hefði bæði skyldu og vilja til þess að bjóða öðrum samkeppnisaðilum sams konar samning hefði Síminn breytt viðmiðunartilboði sínu til samræmis við framangreindan sýndarnetssamning. Hefðu breytingarnar átt sér stað á sama tíma og endanleg útgáfa fyrrgreinds samnings við Tal hefði legið fyrir. Jafnframt hefði verið ákveðið að fjarlægja eldra viðmiðunartilboð af vefsíðunni, enda ekki lengur í gildi og gæfi því ekki rétta mynd af rétti viðsemjenda félagsins. Að lokinni undirritun samningsins hefði afrit hans verið sent PFS til upplýsingar um málavexti og hefði Síminn talið að með því hefði stofnunin verið upplýst um breytt efni viðmiðunartilboðsins. Það væri hins vegar harmað að uppfærð útgáfa viðmiðunartilboðsins hefði ekki verið birt á sama tíma á vefsíðunni. Þá kom fram að viðmiðunartilboð um endursöluáðgang hefði heldur ekki verið birt á heimasíðunni í kjölfar tvennra breytinga sem gerðar hefðu verið á því.

Þá kom fram að Síminn hefði ekki á nokkurn hátt reynt að dylja það fyrir PFS hvert efni samningsins við Tal hefði verið, enda hefði PFS verið upplýst um efni hans í kjölfar

undirskriftar samningsins. Þá væri ljóst að samningurinn væri til hagsbóta fyrir báða aðila og væri Síminn því fullkomlega reiðubúinn og hlyntur því að bjóða öðrum samkeppnisaðilum sams konar samning. Hefði Síminn raunar gert tveimur öðrum samkeppnisaðilum sams konar tilboð. Hefði hvarf viðmiðunartilboðanna af vefsíðu félagsins í raun leitt til þess að aðrir aðilar hefðu ekki verið upplýstir um raunverulegan rétt sinn við rekstur sýndarnets í samstarfi við Símann, væri ljóst að Síminn hefði borið af því tjón en ekki haft hag af því. Mætti því ljóst vera að vanræksla á birtingu gildandi viðmiðunartilboða á vefsíðu félagsins væri fjarri því að vera af ásetningi.

Með því að fjarlægja gildandi viðmiðunartilboð um endursölu- og sýndarnetsaðgang af heimasíðu sinni hefur Síminn gerst brotlegur við gagnsæiskvöð þá sem lögð var á félagið með ákvörðun nr. 4/2007 á markaði 15 á tímabilinu 10. janúar 2010 til 12. apríl 2011. Þær afsakanir sem Síminn færir fram fyrir umræddri gjörð þykja að mati PFS ekki koma í veg fyrir umrætt brot. PFS lítur athæfi þetta mjög alvarlegum augum, ekki síst þar sem aðeins örfáar vikur liðu frá því að PFS samþykkti umrædd viðmiðunartilboð í lok nóvember 2009 þar til þau voru fjarlægð af heimasíðu félagsins. Stofnunin þarf að geta treyst því að Síminn, eins og önnur félög sem stofnunin hefur eftirlit með, fari að jafn skýrum og ótvíræðum kvöðum og þeirri sem hér um ræðir í hvívetna.

#### **4.7 Samandregin niðurstaða**

PFS hefur ekki í hyggju að breyta út af hefðbundinni málsmeðferð við yfirferð og samþykkt viðmiðunartilboða með þeim hætti að samráð verði einungis haft við þá aðila sem styðja málsstað Símans. Slíkt væri í ósamræmi við skýrt orðalag ofangreindrar 6. gr. laga nr. 69/2003.

PFS hafnar þeirri kröfu Vodafone að skylda Símann til að birta opinberlega kostnaðargreind verð félagsins.

Allar aðrar breytingar á viðmiðunartilboðum Símans um endursölu- og sýndarnetsaðgang en skilgreining á innannetssímtali og lúkningu tóku gildi frá og með 1. júlí 2011.

Eins og fram kemur hér að framan og í viðauka með ákvörðun þessari ber Símanum að framkvæma nánar tilteknar breytingar á viðmiðunartilboðum sínum um endursölu- og sýndarnetsaðgang. Skulu hin breyttu viðmiðunartilboð birt á heimasíðu félagsins eigi síðar en 1. júní n.k.

Með því að fjarlægja gildandi viðmiðunartilboð um endursölu- og sýndarnetsaðgang af heimasíðu sinni hefur Síminn gerst brotlegur við gagnsæiskvöð þá sem lögð var á félagið með ákvörðun nr. 4/2007 á markaði 15 á tímabilinu 10. janúar 2010 til 12. apríl 2011.

## Ákvörðunarorð

PFS samþykkir að breytingar þær sem Síminn gerði á viðmiðunartilboðum um endursölu- og sýndarnetsaðgang hafi tekið gildi þann 1. júlí 2011, að öðru leyti en varðar skilgreiningu á hugtökunum „innannetssímtali“ og „lúkningu“ sem aldrei tóku gildi. Símanum ber að framkvæma þær breytingar á viðmiðunartilboðum sínum um endursölu- og sýndarnetsaðgang sem kveðið er á um í viðauka við ákvörðun þessa. Skulu hin breyttu viðmiðunartilboð birt á heimasíðu Símans eigi síðar en 1. júní 2012.

Með því að fjarlægja gildandi viðmiðunartilboð um endursölu- og sýndarnetsaðgang af heimasíðu sinni gerðist Síminn brotlegur við gagnsæiskvöð þá sem lögð var á félagið með ákvörðun nr. 4/2007 á markaði 15 á tímabilinu 10. janúar 2010 til 12. apríl 2011.

PFS hafnar þeirri kröfu Vodafone að skylda Símann til að birta opinberlega kostnaðargreind verð félagsins.

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

*Reykjavík, 11. maí 2012*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar H. Ragnarsson

Fylgiskjöl:

Viðauki 1 – Fyrirmæli um breytingar, sjá næstu síður

# Viðauki

## við ákvörðun PFS nr. 15/2012

### Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á uppfærðum viðmiðunartilboðum Símans fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang. Hinar breyttu útgáfur skulu birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en 1. júní 2012. Að öðru leyti skulu umrædd viðmiðunartilboð vera óbreytt.

#### I. Viðmiðunartilboð um endursöluaðgang

##### 1.1 Grein 2.1 í viðauka 1 skal hljóða svo:

*Viðsemjandi skal greiða að hámarki [...] óafturkræft, sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans fyrstu [...] ár samningstímans. Eftir það skal viðsemjandi greiða að hámarki [...] óafturkræft árlega. Umrætt gjald greiðist eftir á fyrir næstliðið ár, í fyrsta skipti ári eftir að aðgangur hefur verið veittur.*

##### 1.2 Grein 5 í viðauka 1 skal hljóða svo:

*Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram jafn háa upphæð á móti, allt að [...] kr. árlega í allt að 2 ár.*

*Frekari útfærsla á þátttöku í markaðsstyrk er tilgreind í viðauka 10.*

**Originated mínútur á ári      Markaðsstuðningur kr.**

>[...]                              [...]

>[...]                              [...]

>[...]                              [...]

*Til markaðsstuðnings telst allur kostnaður vegna hugmyndavinnu, framleiðslu og birtinga auglýsinga. Einnig telst innkaup á SIM kortum á innleiðingartímabili undir markaðsstuðning.*

##### 1.3 Grein 6 í viðauka 1 skal hljóða svo:

*Símtöl frá viðskiptavinum Símans til viðskiptavina í farsímakerfi Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til viðsemjanda vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. grein 2.3.*

*Símtöl frá viðskipavinum viðsemjanda sem eru á farsímaneti Símans til farsíma viðskiptavina Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til Símans vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. grein 2.3.*

## **II. Viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang**

### **2.1 Grein 1.5 (cc) í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo:**

*Innannetssímtal: Símtal sem á sér upphaf og endi í sýndarneti viðsemjanda.*

### **2.2 Grein 1.5 (ee) í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo:**

*Lúkning símtals: Símtal sem á upphaf í öðru fjarskiptaneti en er lokið í sýndarneti viðsemjanda. Símtal sem er lokið í sýndarneti viðsemjanda er gjaldfært samkvæmt gjaldskrá viðsemjanda fyrir lúkningu hverju sinni.*

### **2.3 Grein 2.5 í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo:**

*Samningsaðilum er heimilt að takmarka umferð fyrirvaralaust og án þess að tilkynna gagnaðila um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets samningsaðila. Komi til slíkrar takmörkunar á umferð, skal tilkynna gagnaðila um ástæður þess strax og hægt er. Tryggja skal jafnræði viðskiptavina aðila við beitingu slíkra úrræða.*

### **2.4 Grein 3.2 í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo:**

*Nú ákveður viðsemjandi að fara í uppbyggingu á eigin farsímaneti og hefur fengið úthlutað tíðniheimild, skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara áður en áætlað er að taka eigin farsímanet á grundvelli tíðnileyfis í notkun. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll reikisamnings að farsímaneti Símans.*

*Samningur þessi fellur úr gildi við undirskrift nýs samnings aðila um aðgang að farsímaneti Símans eða að 6 mánuðum liðnum frá tilkynningu viðsemjanda.*

### **2.5 1. málsl 2. mgr. greinar 5.12 í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo:**

*Gjaldtakan fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet er í samræmi við heilðsöluverðskrá hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja, þ.m.t. Símans.*

### **2.6 Grein 6.2 í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo:**

*Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað ef eitt eða fleiri af eftirfarandi á við:*

- a) ef verulega skortir á að gagnadili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum;*
- b) ef gagnadili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða*
- c) ef gagnadili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika;*
- d) ef gagnadili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni;*

e) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.

Nú verður breyting á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvald tekur ákvörðun sem hefur í för með sér að forsendur í samningi þessum verða verulega breyttar og hafa þá viðsemjendur Símans heimild til að rifta samningi þessum með 30 daga fyrirvara frá því að riftunaryfirlýsing er send. Sá sem hyggst beita riftun vegna breyttra forsendna skal gera það innan 30 daga frá því honum verður kunnugt um hinar breyttu forsendur. Sá sem beitir riftunarheimild skal leita allra leiða til að finna sanngjarna lausn áður en riftunarheimild er beitt með sannanlegum hætti.

## 2.7 Grein 6.4 í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo:

Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum áskilur Síminn sér rétt til að reikna hæstu leyfilegu dráttarvexti, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.

## 2.8 Grein 9 í viðmiðunartilboðinu skal hljóða svo og bera yfirskriftina „Viðaukar“:

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.

- Viðauki 1 Verð fyrir sýndarnetsaðgang
- Viðauki 2 Tæknileg úrfærsla sýndarnetsaðgangs
- Viðauki 3 Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum
- Viðauki 4 Framkvæmd samtengingar
- Viðauki 5 Áætlanir
- Viðauki 6 Verkferlar í starfseminni
- Viðauki 7 Notkun SS7 – tæknileg geta og öryggiskröfur
- Viðauki 8 Tengiliðir samningsaðila
- Viðauki 9 Markaðsstuðningur
- Viðauki 10 Samhæfing upplýsingakerfa

Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.

Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.

## 2.9 Grein 2.1 í viðauka 1 skal hljóða svo:

Viðsemjandi skal greiða að hámarki [...] óafturkræft, sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans fyrstu [...] ár samningstímans. Eftir það skal viðsemjandi greiða að hámarki [...] óafturkræft árlega. Umrætt gjald greiðist eftir á fyrir næstliðið ár, í fyrsta skipti ári eftir að aðgangur hefur verið veittur og starfsemi viðsemjanda hefst á kerfi Símans.

## 2.10 Grein 2.2 í viðauka 1 skal hljóða svo:

Tilkynningar um staðsetningu SIM korts	[...] kr.
Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort	[...] kr.
Gagnaflutningur pr. SIM kort	[...] kr.



### **2.11 Grein 2.3 í viðauka 1 skal hljóða svo:**

#### **Verð**

Upphafsgjald pr. mínútu	[...] kr.
Innankerfsgjald pr. mínútu	[...] kr.
SMS upphafsgjald pr. skeyti	[...] kr.
MMS upphafsgjald pr. skeyti	[...] kr. *
GPRS pr. Mbyte	[...] kr.

\* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

### **2.12 Grein 2.4 í viðauka 1 skal hljóða svo:**

Athugun á inneign á Frelsi pr. mín eða SMS	[...] kr.
Verð pr. SIM kort	[...] EUR

### **2.13 Grein 3 í viðauka 1 skal hljóða svo:**

Fyrir símtöl sem hringd eru til viðskiptavina viðsemjenda og er lokið í farsímakerfi Símans, greiðir viðsemjandi kr. [...] kr. pr. mínútu fyrir lúkningarþjónustu Símans. Ef Póst- og fjarskiptastofnun lækkar lúkningarverð Símans undir [...] kr. pr. mínútu mun viðsemjandi njóta þess.

### **2.14 Grein 4 í viðauka 1 skal hljóða svo:**

Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram jafn háa upphæð á móti, allt að [...] kr. árlega í allt að 3 ár.

Frekari útfærsla á þátttöku í markaðsstyrk er tilgreind í viðauka 10.

#### **Originated mínútur á ári Markaðsstuðningur kr.**

>[...]	[...]
>[...]	[...]
>[...]	[...]

Til markaðsstuðnings telst allur kostnaður vegna hugmyndavinnu, framleiðslu og birtinga auglýsinga. Einnig telst innkaup á SIM kortum á innleiðingartímabili undir markaðsstuðning.

### **2.15 Grein 5 í viðauka 1 skal hljóða svo:**

Viðsemjanda er heimilt að óska eftir viðbótar afurðum/þjónustu frá Símanum. Í slíkum tilvikum þarf að semja sérstaklega um greiðslu kostnaðar. Þó er ekki innheimtur af hálfu Símans neinn kostnaður vegna innleiðingar samnings þessa, nema með sérstöku samþykki PFS. Slíkt getur átt við um þá kostnaðarliði sem er umfram þá liði sem Síminn hefur í framkvæmd ekki innheimt fyrir.

### **2.16 Grein 8 í viðauka 1 skal hljóða svo:**

Viðsemjandi fær aðgang að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS. Verð fyrir erlent reiki er samkvæmt smásöluverðskrá Símans á hverjum tíma.

**2.17 Grein 9 í viðauka 1 skal hljóða svo:**

*Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 9. Þó er ekki innheimtur af hálfu Símans neinn kostnaður vegna samhæfingar upplýsingakerfa félagsins að kerfum viðsemjenda, nema með sérstöku samþykki PFS. Slíkt getur átt við um þá kostnaðarliði sem er umfram þá liði sem Síminn hefur í framkvæmd ekki innheimt fyrir.*

**2.18 Grein 1.4 í viðauka 3 skal hljóða svo:**

*Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS. Verð fyrir erlent reiki er samkvæmt smásöluverðskrá Símans á hverjum tíma.*

**2.19 3. mgr. greinar 1.2 í viðauka 6 skal hljóða svo:**

*Þegar viðsemjandi verður var við atburði sem ekki fela í sér hreina bilun má hann hafa samband við tæknideild Símans. Beiðni um aðstoð tæknideildar er send gegnum Þjónustuvef heildsölu og svör með viðbrögðum við beiðni er birt þar. Opnunartími tæknideildar er allan sólarhringinn.*